FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

37. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 13. FEBRÚAR 2017



Veðrið undanfarna daga hefur gefið fólki tilefni til þess að stunda iðju sem hefur hingað til verið vinsælli á sumrin en í febrúar vegna aðstæðna. Þannig voru nokkrir mættir með brimbretti í Þorlákshöfn í gær til þess að spreyta sig á hvítfyssandi öldum Norður-Atlantshafsins. Þorlákshöfn nýtur vaxandi vinsælda hjá brimbrettaköppum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag

**SPORT** Guðni Bergsson er nýr formaður KSÍ. 11

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um útgerðarmenn. 15

**LÍFIÐ** Berglind Bergsdóttir ræðir blekkingarheilkenni. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# Borgar árlega hundrað milljónir fyrir leigubíla

**Kostnaður Landspítalans vegna leigubíla er um hundrað milljónir á hverju ári. Ástæðan er dreifð starfsemi spítalans. Kostnaðurinn er enn meiri ef bílaleigubílar eru teknir með. Skutlur milli Fossvogs og Hringbrautar eru vel nýttar.**

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður Landspítalans vegna leigubíla fyrir starfsfólk nam 94,9 milljónum króna á síðasta ári. Hann var 90,9 milljónir árið áður og 108,4 milljónir árið 2014.

Samkvæmt upplýsingum frá spítalanum er aðallega skipt við leigubílastöðina Hreyfil en í gangi er samningur um viðskiptakort milli fyrirtækisins og Landspítala. Einnig er skipt við A-stöðina, Bifreiðastöð Oddeyrar og BSR. Sé kostnaður vegna bílaleigubíla tekinn með var heildarkostnaðurinn 100,8 milljónir í fyrra, 95,6 milljónir árið 2015 og 111,8 milljónir árið 2014.

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landspítalanum, segir að kostnaðurinn skýrist aðallega af því hve víða starfsemi Landspítalans fer fram. „Við erum með okkar starfsemi á sautján stöðum í meira en 100 byggingum. Það er verið að þjóna sjúklingum á flestum af þessum stöðum og það er sama starfsfólkið sem er að þjóna sjúklingum á mismunandi stöðum. Það leiðir til þess að okkar fólk þarf mikið að fara á milli,“ segir María. Þetta leiði bæði til beins kostnaðar fyrir spítalann en líka óbeins kostnaðar þar sem vinnutíma starfsfólks sé illa varið í leigubíl.

> Við erum með okkar starfsemi á sautján stöðum í meira en 100 byggingum.
>
> María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landspítalanum



Hluti kostnaðar fellur til vegna þess að starfsfólk þarf að komast til eða frá vinnu á tímum þar sem strætisvagnar eru ekki á ferð. Þá eiga starfsmenn rétt á að nota leigubíla á kostnað spítalans. María segir þetta þó skýra aðeins lítinn hluta heildarkostnaðarins. Vaktaskipti séu yfirleitt þegar strætó gengur. „Þegar það er ekki þá reynum við að skipuleggja þetta sérstaklega þannig að sami leigubíllinn taki fleiri en einn starfsmann, ef þess er kostur.“

Landspítalinn nýtir sér ekki bara þjónustu leigubíla og bílaleigu því spítalinn á sjálfur nokkra bíla. Meðal annars á spítalinn bíla sem notaðir eru til að aka starfsfólki milli Fossvogs og Hringbrautar. Slíkar ferðir eru farnar á korters fresti á dagvinnutíma og eru vel nýttar. „En þó við séum með skutluna á milli þessara stóru staða, Hringbrautar og Fossvogs, þá erum við með starfsemi á svo mörgum öðrum stöðum,“ segir María. Sérfræðingar með aðsetur annaðhvort á Hringbraut eða í Fossvogi þjóni sjúklingum sem eru til dæmis á Kleppi, Grensás, vestur á Landakoti og víðar. **– jhh**

## Vill finna gamlar byssur

**FORNLEIFAR** Menningarnefnd Ölfuss hefur fallist á að sveitarfélagið fari fyrir umsókn um styrk frá fornleifasjóði Margrétar II Danadrottningar til að leita að fimmtíu fallbyssum úr herskipinu Gautaborg sem fórst undan Hafnarskeiði haustið 1718. Gautaborg fórst er það átti að fylgja kaupskipum frá Íslandi til Danmerkur. **gar /** **sjá síðu 6**



## Veður




Fremur hæg sunnan- og suðaustanátt og smá skúrir eða slydduél í dag, en léttskýjað norðaustanlands. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 18



Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti. NORDICPHOTOS/AFP

# Tyrkir kjósa um aukin völd forsetans

**TYRKLAND** Efnt verður til þjóðaratkvæðagreiðslu í Tyrklandi um aukin völd forsetans. Reiknað er með að hún verði haldin 16. apríl.

Þingið samþykkti í síðasta mánuði frumvarp um stjórnarskrárbreytingu, en ekki með nægilega miklum meirihluta til að komast hjá þjóðaratkvæðagreiðslu.

Recep Tayyip Erdogan forseti hefur nú undirritað frumvarpið og þar með opnað á þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Breytingin þýðir að völd forsetans verða aukin verulega, en Erdogan hefur stefnt að slíkum breytingum lengi. Þær hafa verið gagnrýndar fyrir að veita forsetanum allt of mikil völd. Hann verði nánast einráður í landinu.

Meðal annars verður Erdogan gert kleift að ríkja í tvö kjörtímabil til viðbótar. – gb

# Sex fluttir á slysadeild

**SLYS** Alvarlegt umferðarslys varð við Laxárbrú í í Leirársveit, milli Hvalfjarðar og Borgarfjarðar, um fimm leytið í gær. Þar rákust saman tveir bílar.

Í frétt á vef héraðsblaðsins Skessuhorns segir að jeppi og jepplingur hafi skollið saman, en við það fóru bílarnir út í vegrið en stöðvuðust inni á veginum. Sex manns voru í bílunum og voru þrír fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús í Reykjavík en aðrir þrír voru fluttir með sjúkrabílum. – jhh

# Dönsuðu Zumba fyrir UNICEF



Zumbakennarar World Class leiddu í sameiningu 90 mínútna Zumbatíma í gær til styrktar UNICEF á Íslandi og starfi stofnunarinnar í Sýrlandi. Þátttakendur greiddu tvö þúsund krónur fyrir þátttökuna og rann allur aðgangseyrir beint til UNICEF. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Steinmeier kjörinn forseti

**ÞÝSKALAND** Frank-Walter Steinmeier var í gær kjörinn forseti Þýskalands. Áður gegndi Steinmeier embætti utanríkisráðherra. Steinmeier fékk 931 atkvæði af 1.260 á samkomu í þinghúsinu í gær. Auk þingmanna hafði atkvæðisrétt jafn stór hópur almennra Þjóðverja, þeirra á meðal var til að mynda Joachim Löw, þjálfari þýska karlalandsliðsins í knattspyrnu.

Steinmeier kemur úr flokki Jafnaðarmanna, samstarfsflokki Kristilegra demókrata sem Angela Merkel kanslari fer fyrir. Hluti ástæðunnar fyrir stórsigri Steinmeiers er að flokkur Kristilegra demókrata kom sér ekki saman um forsetaefni og lýsti yfir stuðningi við Steinmeier. – þea



Frank-Walter Steinmeier

# Daglegir vegfarendur fái verulegan afslátt

**Hugmyndir um vegatolla á vegum til og frá höfuðborgarsvæðinu eru í vinnslu í samgönguráðuneytinu. Bæjarstjórar í nærliggjandi sveitarfélögum eru ósammála um ágæti tollanna. Hugmyndin ekki verið rædd í ríkisstjórninni.**

**SAMGÖNGUR** Skiptar skoðanir eru meðal sveitarstjóra sveitarfélaga í nágrenni höfuðborgarsvæðisins um ágæti hugmynda samgönguráðherra um vegatolla. Bæjarstjóri Akraness vill að daglegir vegfarendur fái verulegan afslátt.

Sagt hefur verið frá því undanfarna daga að í samgönguráðuneytinu sé unnið að tillögum um stórtækar endurbætur á vegakerfinu sem fjármagnaðar yrðu með gjaldtöku á vegum frá höfuðborgarsvæðinu. Meðal hugmynda sem liggja fyrir er tvöföldun Reykjanesbrautar og austur fyrir Selfoss með nýrri brú yfir Ölfusá. Þá er einnig verið að kanna Vesturlandsveg frá Reykjavík til Borgarness.

„Þetta hefur ekki verið rætt hjá okkur síðan 2010 þegar áþekkar hugmyndir voru uppi,“ segir Ásta Stefánsdóttir, bæjarstóri Árborgar. Henni þykir líklegt að málið verði tekið fyrir í sveitarstjórninni á næstunni. Hún er ekki hrifin af hugmyndinni.

„Ég held að þetta leggist ekki vel í fólk. Það er furðulegt að ekki skuli vera hægt að fara í vegabætur þar sem umferðin er langmest án þess að láta íbúa greiða fyrir það.“

Að sögn Kjartans Más Kjartanssonar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, hefur málið ekki verið rætt með formlegum hætti í bæjarstjórn og enn sem komið er sé það ekki á dagskrá.

„Persónulega líst mér ekki illa á þessar hugmyndir. Við höfum ýtt á það að tvöföldun Reykjanesbrautar verði lokið og ef þetta verður til þess að flýta eða hjálpa til við að koma því í höfn þá held ég að það myndi skapast sátt um það,“ segir Kjartan.



Bæjarstjóra Reykjanesbæjar líst ágætlega á vegatolla ef þeir verða til þess að flýta fyrir tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ

Að mati Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra Akraness, er hugmynd samgönguráðherra allrar athygli verð. Íbúar bæjarfélagsins hafi búið við gjaldtöku í 18 ár með Hvalfjarðargöngunum. Hún áréttar að jafnræði eigi að ríkja milli landshluta hvað gjaldtökuna varðar.

„Í umræðu um gjaldtöku í tengslum við hugsanlega Sundabraut þá höfum við bent á mikilvægi þess að Vestlendingar sitji við sama borð og aðrir landsmenn. Ef vegatollar á þessum þremur leiðum verða fyrir valinu er nauðsynlegt að tryggja að þeir sem fara daglega um þjóðvegina fái verulegan afslátt,“ segir Regína.

Hugmyndin um vegatolla hafði ekki verið rædd við aðra ríkisstjórnarflokka áður en sagt var frá henni enda enn á hugmyndastigi. Þetta staðfesta Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra og Þorsteinn Víglundsson, félags- og húsnæðismálaráðherra.
johannoli@frettabladid.is

gæði – þekking – þjónusta

TURBOCHEF SOTA - TURBOCHEF TORNADO 2 - TURBOCHEF HIGHHBATCH 2
TURBOCHEF ENCORE - TURBOCHEF FÆRIBANDAOFNAR
TURBOCHEF FIRE PIZZAOFN - TURBOCHEF i3 & i5 TOUCH

TURBOCHEF OFNAR

Kynntu þér úrval TurboChef ofna hjá okkur

FÁÐU TILBOÐ



pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

DACIA

# DACIA DUSTER

## ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




## TIL AFGREIÐSLU STRAX!

**Verð kr.**

# 3.590.000

**Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km***

**Fjórhjóladrifinn, dísil, með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá.**

Veglegur staðalbúnaður m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

www.dacia.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Felgur í mynd eru aukabúnaður.

ENNEMM / SÍA / NM76915

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Vinnslustöðin undirbýr viðbrögð við flóði af völdum Kötlugoss

**ALMANNAVARNIR** Stjórnendur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) hafa nýtt tímann á meðan sjómannaverkfallið stendur yfir til að ræða viðbúnað og öryggismál vegna Kötlugoss.

Í liðinni viku var haldinn fundur stjórnenda og skipstjóra með vísindamönnum Jarðvísindastofnunar til að fara yfir mögulegar afleiðingar Kötlugoss. Raunveruleg hætta er fyrir hendi að hlaupvatn frá gosi geti komið af stað flóðbylgju sem myndi ná landi í Eyjum.

„Svona hlaup eru ekki algeng en við viljum undirbúa okkur í fram-


Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

kvæmd og vinnubrögðum ef þetta kemur upp,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV. „Við höldum brunaæfingu árlega og þá er upplagt að gera þetta í leiðinni.“

Að fundi loknum lágu fyrir drög að viðbragðsáætlun fyrir fólk í landvinnslu og viðbragðsáætlun gagnvart skipum. „Allir skipstjórarnir voru á fundinum og þekkja sitt hlutverk,“ segir Sigurgeir. Mannvirki VSV eru við hafnarsvæðið sem færi að stærstum hluta á kaf í slíkum hamförum. „Þar eru allar okkar byggingar og allt okkar fólk. Þetta snýst um öryggi þess, að koma því upp í bæ og úr hættu.“

Frekari áætlanir eru í vinnslu fyrir bæinn hjá almannavörnum. „Þetta var fyrsta yfirferð. Við munum kíkja á þetta aftur þegar jarðvísindamenn og almannavarnir hafa lagt upp sín plön. Þá munum við samræma okkur,“ segir Sigurgeir Orri. **– jóe**


**Möguleiki er á því að hlaupvatn úr Kötlu geti myndað flóðbylgju sem skylli á Vestmannaeyjum. Vinnslustöðin hélt viðbragðsfund með stjórnendum og skipstjórum af því tilefni.** MYND/ÍSLEIFUR ARNAR VIGNISSON


**Þyrla Landhelgisgæslunnar lenti með manninn við Landspítalann í Fossvogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

## Ferðamaður lést í Silfru

**SLYS** Þyrla landhelgisgæslunnar var kölluð til á öðrum tímanum í gær vegna bráðaveikinda við Silfru á Þingvöllum.

Erlendur ferðamaður missti meðvitund eftir snorkl í Silfru og hófust endurlífgunartilraunir á staðnum. Þær báru ekki árangur.

Maðurinn var fluttur með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi og úrskurðaður látinn. **– jhh**

## Jörð skalf á Reykjanesi

**NÁTTÚRA** Hrina jarðskjálfta fór af stað á Reykjaneshrygg í gærkvöldi. Fjórir skjálftar mældust rétt yfir þremur stigum. Klukkan 19.27 mældust tveir jarðskjálftar, báðir 3,1 að stærð, og klukkan 20.10 mældust aðrir tveir skjálftar, báðir 3,2 að stærð. Á vef Veðurstofu Íslands kemur fram að aðrir skjálftar í hrinunni hafi allir verið mun minni.

Þá mældust tveir skjálftar yfir 3 að stærð í Bárðarbungu um helgina. Annar þeirra, 3,6 að stærð, mældist í Bárðarbungu laust fyrir klukkan tíu í gærmorgun. Hinn sem var 3,5 að stærð, mældist í Bárðarbunguöskju í Vatnajökli aðfaranótt laugardags. **– ae**

# Fá ekki 300 milljónir úr 15 milljarða króna ofanflóðasjóði

Ekki er til nægt fjármagn á fjárlögum til þess að halda áfram byggingu Ofanflóðamannvirkja á árinu 2017 í Neskaupstað. Tvö verk eru eftir og er kostnaðurinn um 300 milljónir á ári en í ofanflóðasjóði eru um 15 milljarðar króna og safnast fjármunir þar upp á meðan lögbundin verkefni er varða öryggi og eignir fólks eru látin bíða.

**FJÁRMÁL** „Við þurfum 300-400 milljónir á ári til að fara í þessar tvær framkvæmdir sem eftir eru. Það er ekki mikið miðað við stöðu sjóðsins,“ segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, en á bæjarráðsfundi sveitarfélagsins var lögð fram bókun um að ekki sé nægt fjármagn á fjárlögum til þess að halda áfram byggingu ofanflóðamannvirkja í Neskaupstað.

Í bókuninni segir að bæjarráð telji það mjög mikilvægt að þessum framkvæmdum verði haldið áfram með tilliti til öryggis íbúa. Mörg rök séu fyrir því, meðal annars að nægt fé er í sjóðnum eða um 15 milljarðar króna. Hafsteinn Pálsson, starfsmaður sjóðsins og umhverfisráðuneytisins, staðfesti stærðargráðuna. Sjóðurinn er geymdur á reikningi og í hann fer meira en tekið er út. Hann er fjármagnaður með því að árlegt gjald er lagt á allar brunatryggðar húseignir og er upphæðin 0,3 prómill af vátryggingarverðmæti.

Hafsteinn bendir á að fjárheimildir sjóðsins séu ákveðnar af Alþingi. Ekki megi nýta fjármuni sjóðsins nema sem nemur þeirri upphæð sem Alþingi ákveður.

Á bæjarráðsfundinum voru lögð fram afrit af bréfum Páls til þingmanna Norðausturkjördæmis, fjárlaganefndar Alþingis, fjármálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra, en hann hefur einnig fundað með ráðherrum vegna málsins. „Svörin sem við höfum verið að fá eru að þetta sé þensluhvetjandi og hluti af útgjaldaramma ríkisins.

Það sem við höfum verið að benda á er tvennt. Annars vegar að þetta sé bundið í lög og snúist um öryggi fólks og hins vegar að við höfum verið í framkvæmdum. Það er mikilvægt að það sé samfella í svona verkum. Að það sé ekki verið að byrja upp á nýtt. Það eru verktakar hér að vinna í þessu og þeir gætu séð hag sinn í að bjóða í verkið sem væri hagur fyrir sveitarfélagið og sjóðinn.

Þetta eru ekki peningar sem eru að fara í heilbrigðismál eða vegakerfið eða neitt slíkt. Þetta snýst um að nýta peningana sem eru ætlaðir beint í svona verkefni, tekna úr sérstökum sjóði,“ segir Páll.

Hann bendir á að verkin tvö séu tilbúin undir hönnun og búið sé að framkvæma umhverfismat. „Við fylgjum þessu máli eftir og vonandi eigum við góð samskipti áfram við stjórnvöld því það er mikilvægt að klára málið.“ **benediktboas@365.is**


**Ákveðið var á sínum tíma að varnargarðar ofan byggðar í Neskaupstað skyldu reistir í samfellu.** MYND/KRISTÍN

> **Þetta eru ekki peningar sem eru að fara í heilbrigðismál eða vegakerfið eða neitt slíkt. Þetta snýst um að nýta peningana sem eru ætlaðir beint í svona verkefni, tekna úr sérstökum sjóði.**
>
> Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar






**VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN**

**Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.**

**Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.**

**Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.**

**Við tökum vel á móti þér. Tímapantanir í síma 534 4433.**

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · FIAT PROFESSIONAL · Jeep · RAM · MOPAR

ÍSBAND – ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




VERÐ FRÁ:

**3.790.000** kr.

Eyðsla frá 3,9 l/100 | $CO_2$ losun frá 104g/km

## TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Nýr Peugeot 3008 Crossover er tilnefndur sem Bíll ársins í Evrópu 2017. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8" skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll.

# PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Eldismenn segja norskættað eldiskyn þeirra ekki ógna íslenska laxinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Eldismenn segja veiðifélög fara með fleipur

**FISKELDI** Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm, telur ályktun Landssambands veiðifélaga (LV) um fyrirætlanir fyrirtækisins um eldi í Ísafjarðardjúpi og rekstur stórs eiganda þess, Norway Royal Salmon (NRS), byggða á rangfærslum og misskilningi.

LV lýsti þungum áhyggjum af fyrirætlunum Arctic Sea Farm um stóraukið laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Ekki síður gagnrýndi LV að NRS stundaði „grænt eldi“ í heimalandinu Noregi, en ekki hérlendis.

Sigurður segir að LV fullyrði að fyrirtæki hans óski eftir leyfi til notkunar á norskum laxastofni. Staðreyndin sé sú að „hingað til lands hafi ekki verið flutt seyði til laxeldis í meira en 30 ár, þótt uppruni seiðanna sé upphaflega norskur. Hann segir að ályktun LV megi skilja sem svo að meginstarfsemi NRS felist í eldi á ófrjóum laxi í Noregi. Það sé alrangt.

„Vissulega er NRS leiðandi aðili á þessu sviði í Noregi. Hér er þó enn sem komið er aðeins um tilraunaverkefni að ræða sem NRS hefur metnað til að kanna til hlítar, einnig hér á landi í verkefni sem nú er í burðarliðnum á vegum Arctic Sea Farm, NRS og fleiri aðila,“ segir Sigurður.

„Að notkun geldstofna ryðji sér nú mjög til rúms í Noregi eins og fullyrt er í ályktun LV virðist því einungis ætlað að afvegaleiða umræðuna,“ segir Sigurður og bætir við.

„Við lítum svo á að með NRS sem kjölfestueiganda að Arctic Sea Farm verði unnt að standa eins vel að verki og nokkur kostur er fyrir uppbyggingu atvinnugreinarinnar í heild hér við land enda er dýrmæt sérfræðiþekking stjórnenda NRS óumdeild á alþjóðavísu. Með aðstoð NRS byggist upp enn frekari þekking á því hvernig best er að byggja upp sjálfbæra atvinnugrein í sátt við samfélag og umhverfi.“ – **shá**




## Heimsmeistarinn á meðal ungra aðdáenda



Heimsmeistari kvenna í skák, hin úkraínska Mariya Muzychuk, gaf aðdáendum sínum eiginhandaráritanir áður en hún tefldi blindskák gegn ungum skákmönnum í Valencia á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Leita að fallbyssum undan Hafnarskeiði

**Menningarnefnd Ölfuss hefur fallist á að sveitarfélagið fari fyrir umsókn um styrk frá fornleifasjóði Margrétar II Danadrottningar til að leita að fimmtíu fallbyssum úr herskipinu Gautaborg sem fórst undan Hafnarskeiði haustið 1718.**

**FORNLEIFAR** Guðbrandur Jónsson, sem í fyrrasumar gerði mælingar austast á Hafnarskeiðinu nærri Þorlákshöfn til að finna fallbyssurnar af danska herskipinu Gautaborg, mun fá atbeina sveitarfélagsins Ölfuss til að sækja um styrk í Danmörku til að halda leitinni áfram.

Gautaborg fórst haustið 1718 er það átti að fylgja kaupskipum frá Íslandi til Danmerkur. Talið er að fjórir menn hafi farist en aðrir úr áhöfninni sem var á bilinu 250 til 300 manns komust í land. Þeir höfðu vetursetu þar sem öll skip voru farin utan það haustið. Flestum var komið fyrir á bæjum um Suðurlandið og eignuðust sumir þar börn.

„Sú staða hefur komið upp að fallbyssurnar fimmtíu og annað sem fór í sjóinn tilheyrir ennþá Konungsríkinu Danmörk og eða ríkisstjórn Danmerkur samkvæmt upplýsingum frá IMO stofnun Sameinuðu þjóðanna, þar sem skipið er herskip,“ segir í bréfi Guðbrands Jónssonar til Ölfuss. Hann hafi leitað eftir styrk frá Danmörku, fyrir milligöngu sendiráðs Dana á Íslandi.

„Ég sendi inn erindi til Dronning Margrethe II's Arkæologiske fond, með fyrirspurn um það hvort sjóðurinn gæti styrkt mælingu og leit að munum á hafsbotni. Svar barst fyrir jólin, þar sem fram kom að ekki væri útilokað að styrkur fengist, ef eftir því væri leitað,“ segir Guðbrandur sem biður sveitarfélagið og Byggðasafn Ölfuss að fara fyrir umsókninni. „Það er mín skoðun að það væri farsælast, ef við finnum muni, að varðveita þá á safninu í nafni eigenda, danska ríkisins eða Konungsríkisins Danmerkur, á Byggðasafni Ölfuss,“ skrifar Guðbrandur.

Menningar- og markaðsnefnd Ölfuss samþykkti ósk Guðbrands með því skilyrði að sveitarfélagið beri engan kostnað af málinu.

„Þetta er mjög áhugavert,“ segir Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, menningar- og markaðsfulltrúi Ölfuss. „Tæknilega séð er skipið ennþá í eigu danska konungsríkisins. Við sjáum jafnvel fyrir okkur að hafa þessa muni til sýnis á byggðasafninu en svo getur vel verið að danska ríkið, ef það vill styrkja okkur, krefjist þess að fá munina til sín.“

Aðspurð segir Katrín ámóta hluti sem tengjast skipsskaða ekki að finna á byggðasafninu. „Þetta yrði mjög sérstakt og með stærri sögulegum munum. Þótt það séu margir munir sem tengjast sjósókn á byggðasafninu þá eru engir af þessu kalíberi,“ segir Katrín sem kveður fallstykkin því mundu verða mikinn feng. „Þau mundu trekkja mikið að.“

Katrín segir lítið vitað um hugsanlegt ástand fallbyssanna. „Og ég held að sé ekki hundrað prósent öruggt að þær leynist þarna.“ **gar@frettabladid.is**

### Herfang Dana

Göteborg (Giothenborg, Gottenborg) var sænskt herskip sem Danir hertóku í Norðurlandaófriðnum mikla og var það nýtt af dönsku sjóhernum en hélt nafninu. Það fylgdi dönskum kaupskipum til Íslands vorið 1718 en herskip höfðu fylgt þeim í siglingum til og frá landinu frá árinu 1714 vegna sjórána Svía. Skipið var línuherskip smíðað í Karlskrona og sjósett árið 1696. Það var um 900 tonn að stærð með 44 til 50 fallbyssur og bar 250-300 menn.
*Heimild: Wikipedia.*

**Þótt það séu margir munir sem tengjast sjósókn á byggðasafninu þá eru engir af þessu kalíberi.**



Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, menningar- og markaðsfulltrúi Ölfuss


F&F
20%
afsláttur*
af völdum náttfötum og nærfötum handa henni
*Tilboðið gildir út konudaginn 19.febrúar
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri



Norskir bátar landa í Neskaupstað. MYND/KRISTÍN S. HÁVARÐSDÓTTIR

## Norskum gengur vel á loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðar norskra báta hafa gengið vel að undanförnu og streymdu bátarnir inn á Austfjarðahafnir til löndunar fyrir helgi, eftir því sem fram kom á heimasíðu Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Á fimmtudag og aðfaranótt föstudags komu fjórir bátar til Neskaupstaðar; Brennholm með 500 tonn, Haugagut með 420 tonn, Gardar með 400 tonn og Nordfisk með 400 tonn. Talbor kom til hafnar í gær með 500 tonn.

Öll loðnan fer til manneldisvinnslu í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar og að sögn Jóns Más Jónssonar, framkvæmdastjóra landvinnslu, sem talað er við í frétt Síldarvinnslunnar, er hráefnið miklu betra en það var fyrir nokkrum dögum þegar loðnan var full af átu.

Norðmenn fá 40.000 tonn af 57.000 tonna útgefnum loðnukvóta í sinn hlut.

Hafrannsóknastofnun leitar loðnu fyrir norðan – brátt skýrist því hvort loðnuvertíðin er fyrir bí eða ekki. – shá

# Hundruð þúsunda barna gefin í hjónaband í Bandaríkjunum

**Hundruð þúsunda barna voru gift í Bandaríkjunum frá aldamótum og fram til ársins 2010. Yngstu börnin eru að minnsta kosti tólf ára. Þó er talið að yngri börn kunni að hafa verið gift. Framkvæmdastjóri samtaka sem rannsökuðu barnabrúðkaup segir þingmenn ekki aðhafast því að þeir vilji ekki brjóta á trúfrelsi fólks.**

**BANDARÍKIN** Frá aldamótum og fram til ársins 2010 er talið að nærri 248.000 barnabrúðkaup hafi farið fram í Bandaríkjunum. Þetta er niðurstaða rannsóknar Unchained at Last, bandarískra samtaka sem hjálpa konum að sleppa úr hjónaböndum sem þeim er haldið í nauðugum. Fraidy Reiss, framkvæmdastjóri Unchained at Last, skrifaði um rannsóknina á fréttasíðu Washington Post.

Samtökin söfnuðu gögnum frá 38 ríkjum Bandaríkjanna og fengu þar staðfest að rúmlega 167.000 barnabrúðkaup hafi farið þar fram. Í nærri öllum tilfellum var barnið sem gift var stúlka og voru þær allt niður í tólf ára gamlar. Í flestum tilfellum voru þær giftar karlmönnum eldri en átján ára.

Tólf ríki, auk höfuðborgarinnar Washington, afhentu samtökunum ekki gögn um barnabrúðkaup. „Ef við miðum við hlutfall barnabrúðkaupa af fólksfjölda teljum við að heildarfjöldi giftra barna í Bandaríkjunum á árunum 2000 til 2010 sé nærri 248.000,“ skrifar Reiss.

Í lögum flestra ríkja er kveðið á um að einstaklingar þurfi að vera átján ára til að gifta sig. Hins vegar eru gerðar undantekningar í öllum ríkjum. Þær eru háðar samþykki foreldra og/eða dómstóla. Í 27 ríkjum er ekki kveðið á um neinn lágmarksaldur í tengslum við þessar undantekningar.



**Yngstu börnin eru tólf ára, jafnvel yngri.** NORDICPHOTOS/GETTY

Reiss heldur því fram í pistli sínum að ríkisþingin hafi ekki ráðist sérstaklega gegn barnabrúðkaupum „vegna þess að þau telja ranglega að það gæti brotið á trúfrelsi eða vegna þess að þau telja brúðkaup það besta í stöðunni fyrir óléttar unglingsstúlkur“.

Þá segir í pistlinum að mörg barnanna hafi verið gift einstaklingum mun eldri en þau voru sjálf. Að minnsta kosti 31 prósent barnanna var gift maka 21 árs eða eldri. Þó segir í pistlinum að talan sé líklega hærri þar sem sum ríkin hafi ekki gefið upp aldur fullorðna einstaklingsins.

„Mörg ríkjanna gáfu upp aldur barnanna í flokknum fjórtán ára og yngri án þess að tilgreina nákvæmlega hversu miklu yngri sum barnanna voru. Þannig eru tólf ára börnin sem við fengum upplýsingar um frá Alaska, Louisiana og Suður-Karólínu ekki endilega þau yngstu sem voru gift á tímabilinu,“ skrifar Reiss. Þá fengust ekki upplýsingar um brúðkaup bandarískra barna sem fóru fram utan landsteinanna.

> **Ef við miðum við hlutfall barnabrúðkaupa af fólksfjölda teljum við að heildarfjöldi giftra barna í Bandaríkjunum á árunum 2000 til 2010 sé nærri 248.000.**
>
> Fraidy Reiss, framkvæmdastjóri Unchained at Last

Upplýsingar sem Unchained at Last fékk frá ríkjunum voru ekki persónugreinanlegar og ekki var hægt að greina hverrar trúar fjölskyldur barnanna voru. „Unchained hefur hins vegar vitneskju um barnabrúðkaup úr nærri öllum bandarískum menningar- og trúarsamfélögum, þar á meðal í samfélögum kristinna, gyðinga, múslima og trúlausra,“ skrifar Reiss.

„Af minni reynslu gifta flestir foreldrar börn sín af trúarlegum ástæðum. Þeir vilja stýra hegðun og kynlífi barns síns,“ skrifar Reiss enn fremur.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**Mitsubishi Outlander** hefur fengið frábærar viðtökur. Betur búinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll er vandfundinn og ekki skemmir verðið fyrir. Komdu í reynsluakstur og finndu ánægjuna á öllum.

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.350.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




# D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK OG NÝMJÓLK

Eitt glas af D-vítamínbættri léttmjólk eða nýmjólk inniheldur einn þriðja af ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni sem er kærkomið fyrir okkur sem búum á norðlægum slóðum og getum ekki stólað á sólina, hvort sem er um vetur eða á sumrin.

D-vítamín er mikilvægt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

**D-vítamínbætt léttmjólk og nýmjólk er eins og hollur sólargeisli :-D**

MJÓLKURSAMSALAN

ENNEMM / SÍA / NM79659

# Að bregðast og bregðast við



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er erfitt að fylgjast með fréttum af þeirri meðferð sem vistfólk, bæði börn og fullorðnir, máttu sæta á Kópavogshæli eins og hefur verið að koma í ljós að undanförnu. Í kjölfar þess að vistheimilanefnd skilaði dómsmálaráðherra skýrslu sem fjallar um vistun barna á Kópavogshæli árin 1952-1993 hefur hvert málið á fætur öðru komið upp á yfirborðið þar sem fólk vitnar um ofbeldi og óásættanlegan aðbúnað einstaklinga sem höfðu það eitt sér til saka unnið að vera hjálpar þurfi. Að þarfnast þess að samfélagið væri reiðubúið til þess að veita því mannsæmandi líf, tækifæri og umhyggju. En óháð efnahag, heilsufari eða öðrum óviðráðanlegum aðstæðum.

Samfélagið brást þessu fólki. Braut á rétti þess og stóð velferð þess fyrir þrifum – ekki aðeins vegna vanþekkingar heldur ekki síður vegna fjárhagslegra sjónarmiða. Það reyndist ódýrara fyrir samfélagið til skemmri tíma litið að fara illa með fólk en að veita því það sem það þurfti á að halda. Það er nöturleg tilhugsun og erfið að við sem samfélag þurfum öll að axla einhverja ábyrgð í þessu ljóta máli.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hefur nú gengið á undan með góðu fordæmi og beðið hlutaðeigandi aðila sem og aðstandendur þeirra afsökunar á því hvernig málum var háttað. Og ekki síður að nú verði unnið að því að bæta þá sáru reynslu sem fólk varð fyrir með þeim hætti sem frekast er unnt. Bjarni bendir einnig réttilega á að ýmsan lærdóm megi draga af rannsókn nefndarinnar og mikilvægi þess að ráðherrar fari yfir tillögur, settar fram í skýrslunni, og meti til hvaða ráðstafana verði gripið í því skyni að standa vörð um mannréttindi fatlaðs fólks í íslensku samfélagi.

Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin ætli sér að sinna málefnum fatlaðra og mikilvægi þess að standa vörð um mannréttindi þeirra. En það er að sama skapi óumræðilega mikilvægt að slíkt sé ekki einungis gert í ljósi fortíðar heldur að við höfum hugrekki til þess að horfast í augu við stöðu þessara mála í samtímanum og hvernig frammistaða okkar í þessu málefni verður metin eftir einhver ár eða áratugi.

> Réttindum sem við munum vonandi dag einn líta á sem jafn sjálfsögð og þau að þurfa ekki að búa við ofriki og ofbeldi frá degi til dags.

Eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í málefnum fatlaðra er því að horfast í augu við samtímann og huga að því sem betur mætti fara. Að leita til hagsmunaaðila og afla sér upplýsinga um það hvernig íslenskt samfélag er að standa sig í þessum efnum í raun og veru og horfast í augu við staðreyndir þar að lútandi. Takist ríkisstjórninni það yrði það án efa til framfara fyrir fjölda einstaklinga sem búa við skerðingu á ýmsum réttindum og einstaklingsfrelsi. Réttindum sem við munum vonandi dag einn líta á sem jafn sjálfsögð og þau að þurfa ekki að búa við ofríki og ofbeldi frá degi til dags. Eða eins og Mark Twain sagði svo ágætlega: „Við verðum að einbeita okkur að framtíðinni því að þar verðum við það sem eftir er ævinnar."



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

Við leitumst við að vera samstiga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bílson
- VERKSTÆÐIÐ -
Klettháls 9 • Sími 568 1090

Klettháls 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Bjarnargreiðinn**

Æsispennandi þing Knattspyrnusambands Íslands fór fram um helgina. Þar hafði Guðni Bergsson betur á móti Birni Einarssyni í kjörinu um formann sambandsins. Fyrir þingið hafði molaskrifari heyrt í mönnum sem þóttust sjá sigur Björns í kortunum. Þeir hinir sömu segja stuðningsyfirlýsingu Þóris Hákonarsonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra KSÍ, við Björn Einarsson skýra tap hins síðarnefnda. Þórir hafi haldið þannig á málum í starfi sínu hjá KSÍ að stuðningsyfirlýsing hans yrði bjarnargreiði við hvern þann sem hana fengi. Hvort þessi skýring er rétt skal ósagt látið. Í öllu falli er ljóst að stuðningsyfirlýsingin varð ekki til að hjálpa Birni að ná kjöri.

**Andúð á bílum**

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, hefur vakið athygli í baráttu sinni gegn einkabílnum. Nú síðast með fréttum af því að hann vilji skattleggja notkun nagladekkja. Honum barst nýlega liðsauki úr óvæntri átt. Hugmyndir Jóns Gunnarssonar samgönguráðherra um vegtolla á suðvesturhorni virka sem viðbót við opinbera álagningu á bílaeigendur. Ráðherra væri nær að nýta þá milljarða sem koma nú þegar í ríkiskassann í formi bensíngjalda, bifreiðagjalda og annarra opinberra gjalda á bíleigendur í uppbyggingu veganna.

jonhakon@frettabladid.is

# Geðheilbrigðisþjónusta í framhaldsskólum



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir ungt fólk, einkum nemendur í framhaldsskólum, hefur verið til umræðu að undanförnu og það er vel. Þetta er brýnt málefni sem hefur verið baráttumál Samfylkingarinnar. Stigin voru mikilvæg fyrstu skref í eflingu geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum með lítilsháttar fjárveitingu til ráðningar sálfræðinga á fjárlagaárinu 2016 sem dugar hvergi.

Samfylkingin lagði fram tillögu um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum á vorþingi í fyrra en þá var fyrsti flutningsmaður Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingmaður. Þetta var eitt þeirra forgangsmála sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram að nýju nú á haustþingi.

Brottfall framhaldsskólanema er alvarlegur vandi á Íslandi en aðeins 44% nemenda ljúka námi á tilsettum tíma. Ungt fólk hverfur frá námi og mun langtímaáhrifa þess gæta víða í samfélaginu og eru þau þegar farin að sjást. Þetta má að hluta rekja til slæmrar geðheilsu ungmenna hér á landi en sjálfsvíg eru til að mynda helsta dánarorsök ungra karlmanna á Íslandi. Þessum vanda þarf að mæta, t.d. með auknu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu.

Vegna þessa hefur álag aukist mikið á kennara, skólahjúkrunarfræðinga og námsráðgjafa, sem hvorki hafa menntun né forsendur til þess að takast á við vandann. Einstaka skólar hafa í neyð sinni brugðist við og falið t.d. námsráðgjöfum aukin hlutverk á þessu sviði. Það er hins vegar ófullnægjandi, bregðumst við kallinu og aukum aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu innan veggja skólanna.

> Bregðumst við kallinu og aukum aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu innan veggja skólanna.

Markmið tillögu okkar í Samfylkingunni er að í byrjun skólaárs 2017-2018 verði tryggt að í öllum framhaldsskólum landsins hafi nemendur aðgang að sálfræðiþjónustu sér að kostnaðarlausu.

Við gerum ráð fyrir að ráðherra útfæri nánar með hvaða hætti þjónustan verði veitt en að miða beri við að einn sálfræðingur í fullu starfi geti sinnt um 700 nemendum. Ber að miða þjónustuþörf fámennari jafnt sem fjölmennari skóla við það hlutfall.

Það væri Alþingi til mikils sóma að ljúka þessu máli í góðri sátt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kominn tími á breytingar hjá KSÍ

Guðni Bergsson var um helgina kjörinn nýr formaður Knattspyrnusambands Íslands eftir spennandi kosningabaráttu við Björn Einarsson. Guðni boðar breytingar og meira gagnsæi í rekstri KSÍ. Hann vill bæta ímynd sambandsins með góðum vinnubrögðum.

**FÓTBOLTI** Eftir hnífjafna og spennuþrungna kosningabaráttu hafði Guðni Bergsson betur í formannskjöri Knattspyrnusambands Íslands á ársþingi þess í Vestmannaeyjum um helgina. Guðni hlaut 83 atkvæði í kjörinu en Björn 66.

Þátttaka á þinginu var afar mikil en af 153 mögulegum þingfulltrúum voru 149 á þinginu í Eyjum. Af úrslitunum að dæma hefur knattspyrnuhreyfingin skipst í tvær fylkingar en það mátti heyra á þingfulltrúum um helgina að ekki væri búist við öðru en að íslensk knattspyrna myndi sameinast á ný undir forystu Guðna.

**Engin hallarbylting strax**

Guðni segir að hans fyrsta verk verði að setja sig inn í hlutina á skrifstofu KSÍ. Ræða við starfsfólk og meðlimi aðalstjórnar. Í kosningabaráttunni talaði hann fyrir því að ráða inn yfirmann knattspyrnumála en þess fyrir utan hefur Guðni ekki fyrirfram boðað stórtækar breytingar á rekstri sambandsins.

„Ég vil koma inn í starf sambandsins og kynna mér hlutina áður en ég tek ákvörðun um framhaldið í samráði við stjórn og starfsmenn,“ sagði Guðni. „En það er ljóst að þær breytingar sem ég hef talað fyrir snúa að skipuriti og skipulagi, eins og með faglegum yfirmanni knattspyrnumála. Ég tel það gæfuspor fyrir íslenskan fótbolta.“

**Vanda til verka**

Guðni bauð sig fram áður en Geir Þorsteinsson, sem lét af embætti formanns á þinginu um helgina, hafði ákveðið að bjóða sig ekki fram á nýjan leik. Guðni segir að bara sú staðreynd að hann hafi boðið sig fram, sýni að hann hafi viljað breytingar.

„Geir hefur skilað góðu búi og á heiður skilinn en ég taldi að það væri kominn tími á breytingar hjá KSÍ. En ég vil líka byggja á því sem gott er.“

**Vill bæta ímyndina**

Ímynd KSÍ hefur ekki alltaf verið góð undanfarin ár. Hitamál hafa ratað í fjölmiðla með reglulegu millibili en Guðni vonast til að þeir dagar séu að baki.

„Besta leiðin til að bæta ímyndina er að vanda til verka. Bæði ég og Björn settum á oddinn ákveðið gagnsæi í aðdraganda kosninganna og er vilji innan stjórnar til að auka það. Ef okkar fólk hefur það í huga og vandar sig við það sem þeir fást við, tel ég að þetta verði ekki vandamál í framtíðinni.“

**Launamál verði skýr**

Meðal þess sem hefur reglulega orðið að umfjöllunarefni fjölmiðla er hversu óskýr laun formanns KSÍ eru í ársreikningi sambandsins. Guðni vill gera breytingu á því.

„Launamál formanns verða algjörlega gegnsæ. Það er vilji til að hafa það þannig og verður það svo. Í huga margra hafa þessi mál ekki verið nógu skýr og umræða skapast um það. En ég vil færa það til betri vegar.“

Hann undirstrikar þó að rekstur KSÍ hafi verið góður hingað til og að hann taki við góðu búi.

„Landsliðin okkar eru í hæstu hæðum og starfið sem KSÍ hefur unnið á mörgum sviðum hefur verið mjög gott. Nú er markmið mitt að hafa starfið sem öflugast fyrir alla okkar aðildarfélaga. Ég vil til dæmis vinna að því að bæta aðstöðu þeirra og skoða hvort hægt sé að tækla ferðakostnað betur en hann hefur verið að sliga félögin á landsbyggðinni. Það eru svo mörg mál og vangaveltur sem ég er með og mun koma í ljós með tíð og tíma hverjar þær eru.“

eirikur@frettabladid.is




Nýkjörinn formaður KSÍ, Guðni Bergsson, heldur hér ræðu á ársþinginu í Eyjum. MYND/HILMAR ÞÓR





Volkswagen Caddy

**Góður vinnufélagi**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum - hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).

Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og akstursegiginleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálku eða erfiðu færi.

Volkswagen Caddy
kostar frá

**2.550.000 kr.**

(2.056.452 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Nýjast

**Maltbikar kvenna, úrslit**

**Keflavík - Skallagr. 65-62**

**Keflavík**: Ariana Moorer 26/15 fráköst/7 stoðsendingar, Erna Hákonardóttir 12, Birna Benónýsdóttir 11/7 fráköst, Katla Rún Garðarsdóttir 5, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 4/7 fráköst, Irena Sól Jónsdóttir 3, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 2/11 fráköst, Thelma Dís Ágústsdóttir 2.
**Skallagrímur**: Tavelyn Tillman 26/7 fráköst/6 stoðsendingar, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13/11 fráköst, Fanney Lind Thomas 11, Guðrún Ósk Ámundadóttir 5/4 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 3/9 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 2/5 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 2.

**Maltbikar karla, úrslit**

**KR - Þór Þorlákshöfn 78-71**

**KR**: Philip Alawoya 23/18 fráköst, Jón Arnór Stefánsson 19/8 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 10/8 fráköst, Pavel Ermolinskij 10/11 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 5, Darri Hilmarsson 5/7 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 4, Brynjar Þór Björnsson 2.
**Þór Þ.**: Tobin Carberry 29/8 fráköst/9 stoðsendingar, Emil Karel Einarsson 15/11 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 10/5 fráköst, Ragnar Örn Bragason 10, Halldór Garðar Hermannsson 7.

**Coca-Cola-bikar karla**

**Grótta - Afturelding 22-26**

**Mörk Gróttu:** Aron Dagur Pálsson 7, Leonharð Harðarson 3, Þráinn Jónsson 3, Júlíus Stefánsson 2, Finnur Ingi Stefánsson 2, Elvar Friðriksson 2, Árni Árnason 1, Nökkvi Elliðason 1, Vilhjálmur Hauksson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Elvar Ásgeirsson 7, Árni Bragi Eyjólfsson 5, Kristinn Bjarkason 4, Gunnar Þórsson 2, Pétur Júníusson 2, Ernir Hrafn Arnarson 2, Davíð Svansson 1, Jón Heiðar Gunnarsson 1, Guðni Kristinsson 1, Mikk Pinnonen 1.

**Olís-deild kvenna**

**Stjarnan - Selfoss 32-29**

**Stjarnan:** Helena Örvarsdóttir 7, Sólveig Kjærnested 6, Elena Birgisdóttir 5.
**Selfoss**: Margrét Jónsdóttir 8, Kristrún Steinþórsdóttir 8, Arna Einarsdóttir 6.

**Valur - Grótta 21-22**

**Valur:** Diana Satkauskaite 8, Morgan McDonald 4, Vigdís Þorsteinsdóttir 4.
**Grótta**: Lovísa Thompson 6, Sunna Einarsdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 3.

**Fylkir - ÍBV 27-27**

**Fylkir:** Thea Imani Sturludóttir 9, Christine Rishaug 7, Þórunn Friðriksdóttir 3.
**ÍBV**: Ester Óskarsdóttir 7, Greta Kavaliuskaite 5, Telma Amado 3, Karólína Lárudóttir 3.

**Haukar - Fram 26-23**

**Haukar:** Ramune Pekarskyte 10, Guðrún Bjarnadóttir 4, Erla Eiríksdóttir 3.
**Fram**: Steinunn Björnsdóttir 5, Ragnheiður Júlíusdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 25 | ÍBV | 13 |
| Stjarnan | 25 | Grótta | 13 |
| Haukar | 16 | Selfoss | 8 |
| Valur | 14 | Fylkir | 6 |

STERKUR SIGUR Í CELJE
Íslendingaliðið Kristianstad vann mjög góðan sigur, 27-28, á útivelli gegn Celje í Meistaradeildinni. Arnar Freyr Arnarsson og Ólafur Andrés Guðmundsson skoruðu báðir þrjú mörk fyrir Kristianstad í leiknum og Gunnar Steinn Jónsson skoraði tvö. Aron Pálmarsson lék ekki með Veszprém vegna meiðsla er liðið tapaði, 25-30, gegn Barcelona. Aron hefur ekki spilað leik síðan í nóvember og missti auðvitað af HM í Frakklandi í síðasta mánuði.



## Í dag

**18.50 Valur - Fjölnir** Sport 2
**19.40 Eibar - Granada** Sport 3
**19.50 Bournem. - Man. City** Sport
**22.00 Messan** Sport





Besti körfuboltamaður Íslandssögunnar varð loksins bikarmeistari um helgina og naut þess í botn. Gleði hins unga kvennaliðs Keflavíkur var líka fölskvalaus í Höllinni um helgina.

# Jón Arnór vann loksins bikarinn

KR varð Maltbikarmeistari karla í körfubolta annað árið í röð eftir sigur á Þór Þorlákshöfn annað árið í röð. Jón A
vökunóttum hans eftir tapið 2009 er lokið. Ungt kvennalið Keflavíkur varð bikarmeistari eftir æsispennandi úrsl

**KÖRFUBOLTI** „Þessi titill skiptir mig rosalega miklu máli,“ sagði sigurreifur og sáttur Jón Arnór Stefánsson, leikmaður KR, eftir að vesturbæjarliðið varð bikarmeistari annað árið í röð og í tólfta sinn í sögu félagsins á laugardaginn. KR vann Þór úr Þorlákshöfn, 78-71, eins og í fyrra og er því áfram ríkjandi Íslands- og bikarmeistari.

Þrátt fyrir að hafa orðið Íslandsmeistari og náð lengra en nokkur annar íslenskur körfuboltamaður átti Jón Arnór eitt eftir á sínum ferli; verða bikarmeistari. Það er loksins komið og ferillinn því að einhverju leyti orðinn fullkominn hjá þessum besta körfuboltamanni þjóðarinnar fyrr og síðar.

Ungt lið Keflavíkur bar sigur úr býtum í Maltbikar kvenna eftir dramatískan sigur á sterku liði Skallagríms, 662 í spennandi leik. „Litlu sláturararnir“, eins og þetta virkilega efnilega Keflavíkurlið er svo gjarnan kallað, sýndu mikinn karakter undir lokin þegar liðið virtist vera að missa leikinn úr höndum sér og landaði flottum sigri. Kannski sá fyrsti af mörgum en meðalaldur liðsins er alls ekki hár.

### Misst svefn síðan 2009

Jón Arnór fékk gullið tækifæri til að verða bikarmeistari árið 2009 þegar hann fór í úrslitaleikinn á móti Stjörnunni með, því sem flestir halda fram, besta liði sem hefur verið sett saman á Íslandi. Með Jón Arnór og Jakob Sigurðarson bjuggust flestir við því að liðið myndi vinna tvöfalt og ekki tapa leik en

> Ég er búinn að missa mikinn svefn síðustu ár úr af bikarúrslitaleiknum árið 2009. Án gríns! Mig langaði rosalega mikið að vinna þetta.
>
> Jón Arnór Stefánsson
> leikmaður KR

svo varð ekki. Það tapaði fyrir lærisveinum Teits Örlygssonar í Stjörnunni í Höllinni árið 2009 sem eru ein óvæntustu úrslit í sögu bikarkeppninnar.

„Ég er búinn að missa mikinn svefn síðustu ár út af bikarúrslitaleiknum 2009. Án gríns! Mig langaði rosalega mikið að vinna þetta. Mig vantaði eitthvað í safnið og nú er þetta komið. Það hefði verið gaman að spila á móti Stjörnunni en Þór er líka með frábært lið,“ sagði Jón Arnór eftir leikinn þar sem hann var í óða önn að sitja fyrir á myndum með ungum aðdáendum.

### Kvíðir engu

KR-liðið var ekki í gírnum framan af leik gegn Þór en stakk af undir lok fyrri hálfleiks og í byrjun þess síðari þar sem liðið skoraði 29 stig á móti níu. Jón Arnór var sjálfur frábær á þeim kafla en hann var valinn besti maður leiksins. KR-liðið setur nú stefnuna á að vinna rest og það sannfærandi.

## Leikmenn helgarinnar

**Jón Arnór Stefánsson** fór fyrir KR-liðinu og var duglegur að finna félaga sína þegar verst gekk í sókninni í fyrri hálfleik. Hann var síðan aðalmaðurinn í 29-9 spretti KR-liðsins þar sem Vesturbæingar tóku yfir leikinn. Jón Arnór skoraði 11 stig á þeim kafla eða meira en Þórsliðið til samans. Jón Arnór endaði með 19 stig og 8 stoðsendingar og hitti úr öllum 9 vítum sínum.





**Ariana Moorer,** bandarískur leikstjórnandi Keflavíkurliðsins, gaf tóninn í upphafi með því að skora 13 af fyrstu 15 stigum úrslitaleiksins og kom Keflavík þar með í 13-2 næstum því upp á eigin spýtur. Moorer var mjög góð allan leikinn með 26 stig, 15 fráköst, 10 fiskaðar villur, 7 stoðsendingar og 3 stolna bolta. Hún var efst Keflvíkinga í öllum þessum fimm tölfræðiþáttum.

„Það er ákveðinn léttir að vinna þetta. Bikarinn er kominn í hús. Sálfræðilega er þetta gott. Þetta er góður titill til að byggja ofan á. Við vitum að við eigum rosalega mikið inni og ég er að komast í betra stand. Ég kvíði engu. Við ætlum að valta yfir alla andstæðinga sem við spilum við í framhaldinu. Það er enginn að fara að stöðva okkur,“ segir Jón Arnór Stefánsson.

### Upphafið að einhverju stóru?

Í Keflavík gæti verið að fæðast lið sem mun taka yfir íslenskan kvennakörfubolta á næstu árum. Litlu sláturararnir hans Sverris Þórs Sverrissonar sýndu mikið baráttuþrek og karakter og spiluðu eins og alltaf góða vörn þegar liðið varð bikarmeistari eftir sigur á Skallagrími. Leikurinn var frábær skemmtun og einn sá besti í kvennaflokki í manna minnum en á endanum voru það ungu stelpurnar úr Keflavík sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

Keflavíkurliðið er byggt upp á stelpum fæddum 1998-2000. Þótt þær hefði langað til að mála bæinn rauðan eftir sigurinn var það ekki í boði því þær hafa ekki aldur til að komast neins staðar inn. Það

# KOMA ÞARF SÉRSTÖÐU ÍSLENSKRA HÚSGAGNA Á FRAMFÆRI

Stefnumót íslenskra húsgagna- og innréttingaframleiðenda og hönnuða fer fram í Hönnunarsafni Íslands í dag. **Birgir Fannar Birgisson** iðnhönnuður leiðir stefnumótið. Efla á nýsköpun og koma íslenskri sérstöðu í hönnun á framfæri.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Stefnumótið er haldið að frumkvæði Félags íslenskra húsgagna- og innréttingaframleiðenda í samvinnu við Hönnunarmiðstöð, til að efla nýjungar og nýsköpun. Hugmyndin er að leiða saman, annarsvegar hóp framleiðenda og þeirra sem hafa tækni- og efnisþekkinguna, og hins vegar hóp þeirra sem hafa hugmyndir um hversu langt er hægt að ganga í að skapa nýja hluti. Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem þetta er gert hér á landi,“ segir Birgir Fannar Birgisson, iðnhönnuður hjá Driftwood, en hann heldur utan um stefnumót íslenskra húsgagna- og innréttingaframleiðenda við íslenska hönnuði í dag í Hönnunarsafni Íslands.

„Stefnumótið sprettur upp úr þeirri grósku sem einkennt hefur íslenska hönnun undanfarin ár. Íslensk sérstaða í húsgögnum í dag er þó ekki öllum ljós. Lítið hefur verið framleitt af íslenskri sérstöðu en meira af „main stream“ hlutum. Með undantekningum þó. Felst íslensk sérstaða í efnisvali? Í aðferðum eða útiliti? Við munum ræða hvernig koma megi íslenskri sérstöðu í hönnun á framfæri á sama hátt og til dæmis hefur verið gert í ferðaþjónustu,“ segir Birgir.

Hann vonast til þess að í framhaldinu verði til verkefni sem muni skila vörum á markað sem fyrst. Framleiðslumöguleikar á Íslandi hafi staðið íslenskum hönnuðum fyrir þrifum meðal annars vegna smæðar markaðarins. Með auknum fjölda gesta til landsins og netverslun sé staðan önnur.

„Fyrir iðnframleiðslu eins og á húsgögnum hefur markaðurinn verið óþægilega smár, en það er að breytast. Meðal annars vegna þess að fjöldi erlendra gesta til landsins hefur stóraukist, fleiri ferðamenn sækja landið heim og stórir hópar erlendra fyrirtækja koma hingað í hvatningarferðir. Sýningarglugginn er orðinn stærri en hann var. Það geta fleiri séð hlutina til dæmis í hóteluppbyggingu, ef hótelin eru innréttuð með íslenskum húsgögnum. Það hefur einnig áhrif að í dag þykir miklu minna mál en var að kaupa sér hvað sem er og láta senda sér hvert sem er. Íslendingar kaupa hjól og jafnvel bíla yfir netið, hvers vegna ekki ferðamenn sem sjá hér stól eða sófa? Það að varan sé íslensk framleiðsla hefur einnig aðdráttarafl.“

Stefnumótið er byggt upp með örfyrirlestrum fulltrúa beggja hópa og verkefnavinnu. Birgir segir að meðal annars verði farið yfir þá árekstra sem geta orðið milli tækniþenkjandi framleiðandans og skapandi aðilans vegna ólíkra sjónarhorna.

„Við ætlum að athuga hvort við getum ekki bara leyst þá hnökra með fyrirlestrum og verklegum æfingum sem miða að því að opna fyrir nýsköpunarhugsunina. Í Hönnunarsafninu gefst okkur tækifæri á að skoða þverskurð íslenskrar hönnunar sem veitir innblástur. Í lok dags ættum við að hafa yfirstigið allar hindranir.“



**Á myndinni má sjá Appollo-hægindastólinn eftir Gunnar Magnússon frá árinu 1969 og kollinn Fuzzy eftir Sigurð Má Helgason frá árinu 1970.** MYND/HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS



**Birgir Fannar Birgisson og Svavar Konráðsson hjá Driftwood halda utan um stefnumót íslenskra iðnframleiðenda og hönuða sem fram fer í Hönnunarsafni Íslands í dag.** MYND/ANTON BRINK



**Fjólubláu stólana hannaði Þorkell G. Guðmundsson árið 1972.**


## BLAÐ UM FASTEIGNAGEIRANN

**Kemur út 22. febrúar.**

Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar. Blaðinu er ætlað að fjalla um allt sem viðkemur fasteignageiranum, allt frá hönnun, til byggingar, til fjármögnunar, til sölu og viðhalds.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við Jóhann Waage sölumann Sérblaða:**

**johannwaage@365.is**
**Sími 512 5439**



# WOMB EFSTUR Á LISTA FRÖKEN FIX

**Sesselja Thorberg** innanhússhönnuður rekur hönnunarstúdíóið Fröken Fix. Sesselja hefur skrifað blöð og bækur um hönnun og stjórnað sjónvarpsþáttum. Hún lýsir hér fimm hönnunarmunum sem hana dreymir um að eignast.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Sesselja hefur haft í mörgu að snúast undanfarið og til að mynda komið að stórum innanhússverkefnum hjá VÍS, Kjörís og Seðlabanka Íslands. „Ég er alltaf með nokkur verkefni í gangi. Akkúrat núna eru tvö stór eldhús, heildarútlitsbreyting fyrir einbýlishús og stórt skrifstofuverkefni á borðinu. Ég var einnig að taka að mér fagstjórn fyrir stóra heimilissýningu sem verður í vor,“ segir Sesselja og nóg er framundan næstu mánuði. „En svo er ég opin fyrir stórum spennandi verkefnum í sumar,“ segir hún og brosir.



Sesselja Thorberg er Fröken Fix.

„Ég er ofsalega glöð ef ég hef nóg að gera og sköpunargáfan fær að njóta sín. Ég reyni alltaf að hafa gleði í minni hönnun. Ef ég er mikið að hlæja er það ágætis mælikvarði á hvort ekki sé örugglega gaman í vinnunni.“

## FIMM HLUTIR SEM FRÖKEN FIX LANGAR Í

1 Mig hefur alla tíð dreymt um að sitja og lesa (eða hreinlega dotta) í Womb Chair frá Knoll. Þessi dásamlegi stóll hefur allt til að bera, þægindi sem og tímalaust útlit. Ég myndi segja að þessi væri efstur á lista og er algjörlega draumur sem ég mun láta rætast fyrr heldur en seinna.

2 Borge Mogensen leðursófi. Klassískur og tímalaus. Yndisleg mubla sem vert er að fjárfesta í ef maður er á höttunum eftir sófa sem á að vera félagi í gegnum lífið. Eldist vel.

3 Ég hef verið iðin við að heimsækja þær í Snúrunni frá því að þær opnuðu... þó oftast til þess að panta fyrir mína viðskiptavini. En alltaf horfi ég á þennan dásamlega lampa „Punk Lamp“ frá Design by Us (já, ég er með svokallað „lampafetish“). Hann er klassískur, nútímalegur, smart, gamaldags og fyndinn allt í senn.

4 Í mínu starfi sé ég svo margt fallegt á hverjum degi sem mig langar sjálfa í. En þegar öllu er á botninn hvolft þá verð ég að viðurkenna að ég sæki mest í hluti sem hægt er að „hygge sig“ við eins og Daninn segir. Því get ég ekki látið vera að nefna ullarteppið nýja eftir skólavinkonu mína hana Hönnu sem er með íslenska hönnunarfyrirtækið IHANNA HOME.

5 Amma mín og afi áttu alltaf gyllt „vindlaborð“ (var alltaf kallað það – ekki veit ég af hverju) sem ég horfið mikið á sem stelpa, algjörlega heilluð af suðrænu útlitinu, gyllingunni og ristum Miðjaðarhafsmyndunum sem voru í bakkanum. Svona borð dreymir mig um, því jafnvel þótt ég myndi setja sjálfa mig í flokk með nútímalegum skandinavískum stíl, þá finnst mér alltaf svo gaman að hafa hluti með sögu með. Svo myndi svona „vindlaborð“ passa svo vel inn í myndina með Womb Chair, ullarteppinu og sjávarútsýninu, ekki satt? Vantar bara að toppa þetta með rjúkandi lavender-te og kanilköku.

2





5



3



1

4



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sigríður Inga Sigurðardóttir, *sis@365.is, s. 512 5372* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

heimili fasteignasala
– á traustum grunni


Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali


Jón Bergsson
hdl. og
lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason


Gunnlaugur A. Björnsson


Ásdís Írena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð**


**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**


**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**


**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**


**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.


**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**


**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
**893 4718**


**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**


**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is

# Heimili fasteignasala flytur í nýtt húsnæði

**Heimili fasteignasala flutti á dögunum í nýtt og glæsilegt húsnæði að Grensásvegi 3, 2. hæð. Húsnæðið er sérlega bjart og rúmgott og vel skipulagt utan um rekstur fasteignasölu.**


Starfsmenn fyrirtækisins eru í dag átta, bæði löggiltir fasteignasalar og lögfræðingar sem hafa flestir unnið lengi við fasteignasölu.

Heimili fasteignasala var stofnuð árið 2002 og er því 15 ára á þessu ári. Starfsmenn fyrirtækisins eru í dag átta, bæði löggiltir fasteignasalar og lögfræðingar sem hafa flestir unnið lengi við fasteignasölu.

Eigendur fyrirtækisins eru þeir Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson fasteignasalar. Þeir segja að fyrirtækið hafi frá upphafi lagt mikla áherslu á vönduð og örugg vinnubrögð í öllu ferlinu sem fylgir því að kaupa eða selja fasteign. Það er því lögð mikil áhersla á hátt þjónustustig og greiðan aðgang að starfsmönnum, nánast hvenær sem er.

***Þessa dagana er fyrirtækið að bjóða öllum upp á frítt söluverðmat. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðu fyrirtækisins, www.heimili.is og óska eftir verðmati.***


Heimili fasteignasala flutti á dögunum í nýtt og glæsilegt húsnæði á Grensásvegi 3, 2. hæð.


Húsnæðið er sérlega bjart og rúmgott og vel skipulagt utan um rekstur fasteignasölu.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Laxatunga 49 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**
Fallegt 174,5 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi og þvottahús. Í bílskúr er búið að útbúa sér íbúðarrými með sérinngangi, svefnherbergi og baðherbergi.
**V. 62,9 m.**

**Í Þormóðsdalsl - við Hafravatn**




Veröld við Hafravatn. Fallegt 99,6 m2 heilsárshús við Hafravatnsveg, með miklu útsýni, rétt við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið stendur á afskaplega fallegum stað upp í hlíðum Hafrafells, rétt ofan við Hafravatnsveg. Húsið er byggt úr timbri við steinsteypt jarðhýsi sem er fellt inn í landhallann. Gólf og pallar standa á steyptum súlum.
**V. 47,0 m.**

**Vogatunga 68 - 270 Mosfellsbær**



Fokhelt 130 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr.
Skipulag er mjög gott.
**V. 37,5 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

**Almannadalur 7 - 113 Rvk.**




93,1 m2 upbl. fokhelt hesthús á tveimur hæðum við Almannadal 7 í Reykjavík. Eignin er skráð 93,1 m2, þar af hesthús 62,6 m2 og kaffistofa 30,5 m2. **V. 6,0 m.**

**Eiðistorg - 170 Seltjarnarnes**




164,3 m2 atvinnuhúsnæði á 1. hæð við Eiðistorg 15 á Seltjarnarnesi. Þrír inngangar eru í rýmið. Fatahreinsun hefur verið rekin í húsnæinu sem skiptist í móttöku, vinnusal, kaffistofu, geymslu og baðherbergi.
**V. 35,9 m.**

**Klukkuberg 26 - 221 Hfj.**




114,4 m2 íbúð á pöllum með glæsilegu útsýni í tvísýlishúsi við Klukkuberg 26 í Hafnarfirði. Eignin þarfnast viðgerða. Eignin er skráð 114,4 m2, þar af íbúð 90,3 m2 og lagnakjallari 24,1 m2. **V. 29,9 m.**

**Drekavellir 40 - 221 Hafnarfjörður**





**Opið hús þriðjudaginn 14. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30**
Falleg og björt 118,2 m2, 3-4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi í litlu fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnh., sjónvarpshol/herbergi, samliggjandi stofur, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Innbyggð lýsing. Fallegar innréttingar og gólfefni. Mikil lofthæð. **V. 44,9 m.**

**Skógarás 12 - 110 Reykjavík**




234,6 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr. Eignin skiptist í fjögur herbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, forstofu, eldhús og stofu. Steypt bílaplan. Stórar timburverandir og svalir með fallegu útsýni. Eignin þarfnast viðgerða. **V. 73,0 m.**

**Framnesvegur 26A - 101 Reykjavík**




Fallegt 106,6 m2 raðhús á þremur hæðum við Framnesveg 26A í Reykjavík. Hellulögð verönd fyrir framan húsið og bakgarður með geymsluskúr og gróðurhúsi. Falleg eign byggð árið 1922 á góðum stað þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. 1. hæð: Forstofa, stofa og eldhús. 2. hæð: Svefnherbergi, hol, geymsla og baðherbergi. Kjallari: Rúmgott herbergi, hol, geymsla og baðherbergi. **V. 48,9 m.**

**Faxafen 10 - 108 Reykjavík**




1668,8 m2 skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Faxafen 10 í Reykjavík. Um er að ræða alla 2. hæðina sem er samtals skráð 1668,8 m2 á 10 fastanúmerum ásamt sameign á 2. hæð. Í húsnæðinu var rekinn skóli og húsnæðið í dag innréttað þannig og skiptist í skrifstofur, stofur, salernisaðstöður, kaffistofur, geymslurými ofl.
**V. 305 m.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.


**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


2014 2016 Framúrskarandi fyrirtæki










**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

**Höfum fjölda kaupenda að 2ja og 3ja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.**

**Skoðum og verðmetum samdægurs.**

**Hafðu samband.**

### *Hæðarbyggð 3 - Garðabæ.*




Eignin verður til sýnis þri. frá kl. 17.15 – 17.45
Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 294,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 57,3 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fjögur rúmgóð barnaherbergi, stórt eldhús með kamínu, glæsileg stofa með fallegu útsýni og stórum arni, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Hús að utan í góðu ástandi og falleg ræktuð lóð með veröndum til suðurs og hellulagðri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum undir. Útidyrahurðir í húsinu eru allar nýlegar og úr harðviði.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

**Verð 107,0 millj.**

### *Hæðarbyggð 2 - Garðabæ.*




Eignin verður til sýnis þri. frá kl. 17.15 – 17.45
294,0 fm. einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð og innb. tvöföldum bílskúr við Hæðarbyggð. Húsið er upphaflega teiknað sem einbýlishús en nýlega var útbúin 2ja-3ja herbergja aukaíbúð á hluta jarðhæðar hússins. Mjög auðvelt er að breyta húsinu aftur í einbýlishús með því að fjarlægja tvo létta veggi á neðri hæð. Baðherbergi á báðum hæðum hafa verið endurnýjuð og eldhús á efri hæð er nýlegt. Lóðin er stór og gróin með háum trjám, tyrfðum flötum, afgirtri verönd til suðurs og vesturs með heitum potti og malbikaðri stórri innkeyrslu með hitalögnum undir að hluta. **Staðsetning eignarinnar er afar góð þaðan sem stutt er í Hofstaðaskóla og Fjölbrautaskólann.**

**Verð 89,9 millj.**

### *Hálsasel 9. Parhús.*




Eignin verður til sýnis mið. frá kl. 17.15 – 17.45
Gott 175,5 fm. 6 herbergja parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 23,5 fm. innbyggðum bílskúr á frábærum stað í Seljahverfinu. Stórar flísalagðar svalir til suðurs. Aukin lofthæð í stofum. 4 svefnherbergi. Hellulagðar stéttar fyrir framan hús með hitalögnum undir. Frábær staðsetning þar sem stutt er í skóla, leikskóla og ýmsa þjónustu.

**Verð 64,9 millj.**

### *Glæsilegt einbýlishús á Flúðum.*



Einstaklega fallegt og vandað 313,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 40,9 fm. bílskúr á Flúðum, Hrunamannahreppi. Húsið er afar vel skipulagt. Arkitekt hússins er Guðmundur Kr. Guðmundsson. Lýsing er hönnuð af Helga Eiríkssyni hjá Lúmex. Hönnuður lóðar er Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt hjá Hornsteinum.**Eignin er mjög vel staðsett, með víðáttumiklu útsýni og við enda lokaðrar götu og þaðan er stutt í villta náttúru. Lóðin er 2.000 fm. að stærð, skjólgóð leigulóð, ræktuð háum trjám og runnum. Bílaplan og stétt heim að húsi er hellulögð og upphituð.**

### *Blikanes - Garðabæ. Einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi.*



Bjart og vel skipulagt 235,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum 39,6 fm. bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús með miklum upprunalegum innréttingum. Þrjú svefnherbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Lóðin er í góðri rækt. Innkeyrsla er steypt og stétt fyrir framan húsið er hellulögð. Rafmagnshiti er í útitröppum. Við verönd er lítið gróðurhús með rafmagni. Húsið að utan er í góðu ástandi, klætt með endingargóðri klæðningu.

**Húsið stendur á 1.216,0 fermetra eignarlóð á sunnanverðu Arnarnesinu þar sem mikils skjóls nýtur fyrir norðanátt.**

**Verð 84,9 millj.**

### *Fiskislóð 45. Glæsilegt skrifstofuhúsnæði / vinnustofa*



Glæsilegt 86,2 fm. skrifstofuhúsnæði / vinnustofu / loft á 2. hæð auk um 20,5 fm. millilofts, sem ekki er getið hjá Fasteignaskrá Íslands, samtals er eignarhlutinn því um 107,3 fm. að stærð. Öll gólf eru flotuð og lökkuð og gólfhitalagnir eru á aðalhæð. Mjög mikil lofthæð er í eignarhlutanum eða um 5,0 metrar og eru öll loft hvítmáluð.

**Eignarhluti merktur 0216.**

**Staðsetning er virkilega góð á einum eftirsóttasta stað borgarinnar þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár.**

**Verð 34,9 millj.**

### *Hlíðasmári 8 – Kópavogi.*




Til leigu skrifstofu – og lagerhúsnæði í góðu lyftuhúsi miðsvæðis í Kópavogi.

Húsið er afar vel staðsett við fjölfarna umferðaræð. Til leigu er eftirfarandi:

- 211 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð.
- 170 fm. lagerhúsnæði í kjallara.

**Leigutími er umsemjanlegur, til lengri eða skemmri tíma.**




# LANGALÍNA 20 - 28, SJÁLANDI GARÐABÆ

## NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.
## MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

**Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.**

**Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**
**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**



# JÖRÐ - ÞINGVALLASVEIT

**Til sölu 4.000 hektara jörð í Borgarbyggð, aðeins í um 60 kílómetra fjarlægð frá Höfuðborgarsvæðinu. Jörðin er skráð sem lögbýli og liggur frá botni Lundareykjardals og að landi Þingvallakirkju. Vegurinn um Uxahryggi er innan landamerkja jarðarinnar. Jörðin er að stórum hluta í 150 - 300 metra hæð yfir sjávarmáli og á henni eru mörg vötn, þau stærstu Reyðarvatn og Uxavatn en upptök Grímsár eru í Reyðarvatni. Í Reyðarvatn austanvert kemur Reyðarlækur úr Stóra-Brunnvatni og frá norðaustri falla í það tvær ár, Leirá og Fossá. Heitt vatn úr borholum er leitt að landinu og notað til upphitunar á bæjunum Þverfell I og II. Hér er um að ræða mjög landstóra og merkilega jörð nærri höfuðborginni, sem nýta mætti með margvíslegum hætti.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu gtj@fastmark.is**




## *Framnesvegur 54. 3ja herbergja risíbúð.*

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.00 – 18.30

Falleg og sjarmerandi 3ja herbergja 53,2 fm. risíbúð að meðtalinni sér geymslu við Framnesveg. Fallegt útsýni er út á sundin og að Snæfellsnesi til norðvesturs úr eldhúsi. Íbúðin er með mikilli lofthæð yfir stofu og eldhúsi. Upprunalegir viðarbitar í loftum gefa íbúðinni fallegan svip. Geymslur og sameiginlegt þvottahús var nýlega endurbyggt frá grunni á lóð.

**Verð 29,9 millj.**




## *Víðimelur 56. Parhús.*

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.00 – 17.30

Vel skipulagt 156,2 fm. parhús á tveimur hæðum auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Tvennar suðursvalir. Fimm herbergi. Tvær samliggjandi stofur. Gengið af neðri svölum niður á rúmgóðan afgirtan sólpall til suðurs. Eignin stendur á 332,3 fm. lóð, sem er vel hirt og afgirt með skjólgirðingu. Hellulögð bílastæði eru fyrir framan húsið og rúma þau 3-4 bifreiðar. **Virkilega falleg og vel skipulögð eign á frábærum stað. , rúmgott og gluggi til suðurs.**

**Verð 79,9 millj.**

## *Skúlagata 40A – 3ja herbergja – 60 ára og eldri.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 87,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu við Skúlagötu. Íbúðin er í húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru í félagi eldri borgara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, þvottaherbergi, sjónvarpshol, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi.
Snyrtileg sameign.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 40,9 millj.**

## *3JA HERBERGJA*




**STIGAHLÍÐ 8. SUÐURSVALIR.**

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt og vel skipulögð 83,6 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað við Stigahlíð. Svalir til suðurs. Stofan er nýtt bæði sem borðstofa og setustofa og er nóg pláss til þess. Fallegar uppgerðar innréttingar í eldhúsi. Tvö rúmgóð herbergi. Gler og gluggar eru í góðu ástandi og raflagnir og tafla hafa verið endurnýjuð

**38,9 millj.**

## *Breiðvangur 46 - Hafnarfirði. Glæsileg neðri sérhæð.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.00 – 18.30

Glæsileg 183,9 fm. 6 herbergja neðri sérhæð auk 26,9 fm. bílskúrs í fallegu steinsteyptu húsi við Breiðvang. Eignin hefur fengið mjög gott viðhald á undanförnum árum. Eldhús, parket og innihurðir voru endurnýjað fyrir um 10 árum síðan. Auk þess var byggt við hæðina árið 2009 og hún stækkuð um u.þ.b. 55 fm. Sú stækkun er afar vel heppnuð sem bætti við hjónasvítu með sér baðherbergi og fataherbergi ásamt auka barnaherbergjum. Húsið er nýlega málað og nýlegt þak er á viðbyggingu frá 2009.

**Eignin getur losnað fljótlega!**

**Verð 59,9 millj.**

## *4RA HERBERGJA*



**LUNDUR 25 – KÓPAVOGI.**

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fm. upp í 179,2 fm. og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017. **Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.**
**Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

## *Norðurbrú 4 – Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 107,5 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í fjölbýlishúsi með lyftu. Sér bílastæði í bílageymslu og gengur lyfta þaðan upp á 3. hæðina. Í eldhúsi er góð borðaðstaða við útbyggðan glugga. Rúmgóð og björt stofa með útsýni til sjávar. Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Ljósleiðari er kominn inn í íbúðina. Húsið var viðgert og málað að utan árið 2014.

**Stutt er í leikskóla og skóla auk fallegra gönguleiða við sjóinn.**

**Verð 49,5 millj.**

## *ORLOFSHÚS*



**ORLOFSHÚS Í HLÍÐARFJALLI – AKUREYRI**

Nýtt orlofshús á frábærum útsýnisstað í Hálöndum Akureyri. Húsið er á einni hæð 108,7 fm. að stærð, staðsteypt, einangrað að utan og klædd liggjandi báruklæðningu. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og er gistimöguleiki fyrir allis átta manns. Vandað parket er á öllum gólfum og vönduð tæki í baðherbergjum og eldhúsi. Frábær staðsetning í nágrenni við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sem getur í flestu árferði boðið upp á opnun 5-6 mánuði yfir vetrartímann. **Tilvalin eign fyrir starfsmannafélög eða 2-3 fjölskyldur að fjárfesta í saman og eiga glæsilegt athvarf.**

**37,0 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, · Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, · Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., · G. Andri Guðlaugsson lögfræðingur, · Gunnar Jóhann Gunnarsson hdl., löggiltur · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## DRANGAKÓR 1, 203 KÓPAVOGUR








Stórglæsilegt um 270 fm parhús á tveimur hæðum á frábærum stað í Kórahverfi. Sérsmíðaðar innréttingar og frágangur til fyrirmyndar að innan sem utan. 3 baðherbergi og allt að 7 svefnherbergi. Eignin er með heitum potti á neðri hæð og í húsinu er sérhannað loftræstikerfi , símstöð og Instabus rafmagnskerfi. Glæsilegur og vel frágenginn garður á nokkrum pöllum. Stimpilsteypt bílaplan með hitalögn.
**Opið hús miðvikudaginn 15. feb. milli 17:15 og 17:45.** **V. 87,5 m.**

## SKÓGARÁS 12, 110 REYKJAVÍK





Einbýlishús á frábærum útsýnisstað við Skógarás í Árbæjarhverfi. Birt stærð hússins er 234,6 fm. Húsið þarfnast einhverra lagfæringa. Fjögur svefnherbergi. Góður garður. Laust við kaupsamning.
**Bókið skoðun hjá: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs, s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fast.sala s: 896 1168, brynjar@eignamidlun.is**
**V. 73 m.**

## LANGAMÝRI 1
### 210 GARÐABÆR




Einbýlishús á tveimur hæðum á góðum stað í Garðabæ samtals 228,1 fm með 41,5 fm bílskúr (sem er innréttaður að hluta). Húsið er byggt úr timbri og er með múrsteinsklæðningu. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherb. Rúmgóðar stofur. Laust við kaupsamning. **Nánari uppl. veitir: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. í s: 899-1882 , thorarinn@eignamidlun.is. Opið hús mánudaginn 13. feb. milil 17:15 og 17:45. V. 60 m.**

## BREKKUHVARF 15
### 203 KÓPAVOGUR



269,2 fm einbýlishús sem skiptist m.a. í stofur, eldhús, tvö baðherbergi, þrjú herbergi og þvottaherbergi. Geymslurými yfir hluta íbúðar. Bílskúr er tvöfaldur með innkeyrsludyrum, gluggum og göngudyrum. Útbúið hefur verið íbúðarrými í bílskúr. **Nánari upplýsingar veita: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882 og Brynjar Þór Sumarliðason nemi til lg.fs s: 896 1168. V. 79,5 m.**

## LINDARSEL 10
### 109 RVÍK



Með aukaíbúðFallegt samtals 276,9 fm einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð. Efri hæðin er mjög rúmgóð en þar eru m.a þrjú svefnherbergi, baðherbergi, tvær stofur og eldhús. Góður bílskúr. Gott hús í grónu hverfi og stutt í alla helstu þjónustu og skóla. **V. 77,9 m.**

## SKIPHOLT 28
### 105 REYKJAVÍK




Mjög góð 81,6 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2.hæð í fallegu einstaklega vel staðsettu húsi steinsnar frá miðborginni. Nýtt eldhús m innb. íssk og uppþvél og nýjum tækjum. Tvær samliggjandi stofur. Svalir. Tvö svefnherbergi. Einstaklega falleg ræktuð lóð. **Opið hús mánudaginn 13. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 38,9 m..**

## NJÁLSGATA 71
### 101 REYKJAVÍK




113 fm íbúð með góða tekjumöguleika. Í dag er íbúðin leigð út sem 6 herbergi. Fyrsta hæð og kjallari. Efri hæð skiptist í 4 herbergi, baðherbergi, gang og eldhús. Í kjallara eru 2 herbergi, snyrting með sturtu og smá eldhúskrókur. **Opið hús mánudaginn 13. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 54 m.**

## TUNGUHEIÐI 14
### 200 KÓPAVOGUR




4ra herbergja96,9 fm neðri hæð í fjórbýlishúsi. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Borðstofa og stofa opin yfir í eldhúsið. Sérverönd. Mjög góð staðsetning örstutt í góða skóla og leikskóli í nágrenninu.**Opið hús þriðjudaginn 14. feb. milli 17:15 og 17:45. V. 39,9 m.**

## MIKLABRAUT 80
### 105 REYKJAVÍK



Rúmgóð 6 herbergja íbúð þ.e. góð hæð með tveimur svefnherbergjum og tveimur stofum auk rislofts með tveimur herbergjum og geymslurými. Bílskúr aftan við húsið fylgir. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er eignin skráð 135,3 fm þ.e. íbúð 103,1 fm, geymsla 2,2 fm, geymsla 4,5 fm og bílskúr 22,4. **V. 45,9 m.**

## KLUKKUBERG 26
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



114,4 fm íbúð á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað í Setberginu í Hafnarfirði. Samliggjandi stofur með svölum útaf, eldhús, borðstofa og eitt herbergi. Íbúðin er ófrágengin. Laus til afhendingar við kaupsamning.
**Nánari upplýsingar veita: Brynjar Þór Sumarliðason, aðst.m. fast.sala, s: 896 1168, brynjar@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882.**
**V. 29,9 m.**

## FRAMNESVEGUR 29
### 101 REYKJAVÍK



Snyrtileg og vel skipulögð 2ja herbergja 54,6 fm íbúð á 1. hæð í 4ra hæða steinhúsi við Framnesveg í Vesturbæ Reykjavíkur. Af hæðinni er útgangur í sameiginlegan bakgarð. Örstutt er í skóla, leikskóla og þjónustu. Göngufæri í miðbæinn. **V. 30,9 m.**

## JÖRÐ
### Í NÁGRENNI HÚSAFELLS



Hraunsás 3. 19 hektara jörð á fallegum stað í nágrenni Húsafells. Skipulögð frístundabyggð, einstök staðsetning og tækifæri. Stutt í náttúruperlur eins og Hraunfossa, Húsafell, Langjökul, hella o.fl.

**Nánari uppl. veitir Gunnar J. Gunnasson lg.fs. s: 695 2525.**

## HVASSALEITI 58, 103 REYKJAVÍK






Mjög falleg og mikið endurnýjuð 114 fm endaíbúð á 3. hæð í Hvassaleiti 58 í VR blokkinni.

Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, svefnherbergi, vinnuherbergi/sjónvarpshol, baðherbergi og forstofu. Svalir eru útaf stofu. Um er ræða þjónustuíbúð fyrir eldri borgara og rekur Reykjavíkurborg þjónustumiðstöð á jarðhæð hússins.

**Opið hús mánudaginn 13. feb. milli 17:15 og 17:45 (íbúð 301).**

**V. 62,5 m.**

## MÁNATÚN 17
### 105 REYKJAVÍK



4ra herbergja 182,9 fm íbúð á 4. hæð í nýju glæsilegu lyftuhúsi við Mánatún 17 í Reykjavík.

Tvö baðherbergi. Tvennar svalir. Tvö stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni. búðin er tilbúin til afhendingar.

**Bókið skoðun hjá: Reynir Björnsson lg.fs. s: 895 8321, reynir@eignamidlun.is og Brynjar Þór Sumarliðason aðst.m. fast.sala s: 896 1168. V. 82,9 m.**

## SKÓGARVEGUR 12-14
### 103 REYKJAVÍK



Falleg og vönduð 119,1 fm 3ja-4ra herbergja íbúð 2. hæð í nýju lyftuhúsið við Skógarveg í Fossvogi.

Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna með vönduðum innréttingum.

**Bókið skoðun hjá: Guðlaugi Inga Guðlaugssyni lg.fs. s: 864 5464, gudlaugur@eignamidlun.is eða Hilmari Þór Hafsteinssyni lg.fs. s: 824 9093. V. 61,8 m.**

## GRANDAVEGUR 47, 107 REYKJAVÍK






Mjög falleg 85,5 fm 3ja herb. íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi við Grandaveg 47 í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu sem er 23,1 fm. Stórglæsilegt útsýni m.a. sjárvar og fjallasýn. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri.

**Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali s: 861 8511 , magnea@eignamidlun.is.**

**Opið hús þriðjudaginn 14. feb. milli 17:15 og 17:45.**

**V. 42,9 m.**

## HOLTSVEGUR 37, 503
### 210 GARÐABÆR



Glæsileg 100 fm þriggja herbergja penthouse íbúð á fimmtu hæð við Hotlsveg 37 í Garðabæ.

Útsýni. Bílastæði í bílageymslu fylgir.

**Bókið skoðun hjá: Brynjari Þór Sumarliðasyni aðst.m. fast.sala s: 896 1168 eða Andra Guðlaugssyni lg.fs. s: 662 2705. V. 69,9 m.**

## SKÚLAGATA 10
### 101 REYKJAVÍK



Glæsileg 5-6 herbergja 183,1 fm útsýnisíbúð á tveimur hæðum í fallegu frábærlega vel staðsettu fjölbýlishúsi.

Stæði í bílageymslu fyglir. Einstaklega glæslegt sjá-varútsýni og fjallasýn. Þrennar svalir. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Bókið skoðun hjá: Þórarni M. Friðgeirssyni lg.fs. s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is. V. 109 m.**

## SKÚLAGATA 40A – 101 REYKJAVÍK





Tvær innréttaðar stúdíó-íbúðir, önnur 53,4 fm og hin 39,0 fm á sama fastanúmeri (ekki skráð sem íbúðir). Góðir útleigumöguleikar.

Samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands er birt stærð eignarinnar samtals 92,4 fm þ.e. sérhæfð bygging, 53,4 fm og bílskúr 39,0 fm.

**V. 37,9 m.**

**Nánari uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson lg.fs. s: 662 2705, andri@eignamidlun.is**

## SMIÐJUVEGUR 14
### 200 KÓPAVOGUR



746 fm iðnaðarhúsnæði á einni hæð. Um er að ræða þrjá eignarhluta sem seldir eru saman. Góð lofthæð. Tvö bil með góðri innkeyrsluhurð. Eitt bil með milllilofti. Laust við kaupsamning. **Verð 105 millj.**

**Nánari uppl. veitir: Hilmar Þór Hafsteinsson lg. fast. sali s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is eða Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fast.sali s. 899 1882, thorarinn@ eignamidlun.is**

## KAPLAHRAUN 9
### 220 HAFNARFJÖRÐUR



Um er að ræða iðnaðarhúsnæði á jarðhæð sem skiptist í tvö bil sem eru bæði í útleigu. Samkvæmt skráningu Þjóðskár Íslands er birt flatarmál eignarinnar 408 fm og byggt árið 1984. Báðir eignarhlutar skiptast í opið rými með snyrtingu og eldhúskrók. Góðar innkeyrsludyr eru á báðum bilum og gott útisvæði bak við húsið.

**Nánari uppl. veitir Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s: 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

## FAXAFEN 10 - SKRIFSTOFUR




### Til sölu heil skrifstofuhæð við Faxafen 10 í Reykjavík.

Um er að ræða 10 eignarhluta á 2. hæð (efstu) sem hafa verið sameinaðir í eina heild. Mögulegt að stúka upp aftur. Verður aðeins selt saman. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Tveir inngangar.

Í húsnæðinu var áður rekinn skóli og er skipting þannig í dag. Mikil lofthæð.

Samkvæm Þjóðskrá Íslands eru eignarhlutarnir 10 samtals 1.666,8 fm.

**V. 305 m.**



**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-9093
kjartan@eignamidlun.is



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
s. 824-9098
hilmar@eignamidlun.is

# FOLD FASTEIGNASALA

*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson** viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson** lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir** lögg. fast.
kristin@fold.is
**Rakel Viðarsdóttir** viðskiptalögfr.
rakel@fold.is
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132

## Sæviðarsund 60, raðhús
**OPIÐ HÚS MÁN 13.FEB KL. 16:30-17:00**




Fallegt raðhús á 2 hæðum á frábærum stað við Sæviðarsund. Á neðri hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottaaðstaða og stofa með útgengi á pall og í garð. Efri hæðin er rúmlega fokheld og bíður upp á ýmsa möguleika í nýtingu.

**Opið hús mánudag 13.feb frá kl 16:30-17:00, verið velkomin**

## Brávallagata
**4RA HERBERGJA**




Brávallagata 16A, 3ja hæð: Stórglæsileg ca. 103 fm. mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á frábærum staða í 101. Skiptist í tvö svefnherbergi og tvær rúmgóðar stofur, endurnýjuð eldhús og baðherbergi. Suðaustursvalir frá eldhúsi. Gott geymslu/vinnuherbergi í risi.

**Opið hús mán 13.feb frá kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**
**Verð 49,9 millj.**

## Kríuhólar 4, 5.hæð
**OPIÐ HÚS ÞRI 14.FEB KL. 16:30-17:00**




Kríuhólar 4, íbúð 501: Björt og rúmgóð íbúð á 5. hæð í mikið endurnýjaðri lyftublokk. 3-4 svefnherbergi, stórar stofur. Svalir í vestur með miklu útsýni. Nýleg lyfta og snyrtileg sameign.

**Opið hús þriðjudag 14.feb frá kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

**Verð 35,9 millj.**

## Kleppsvegur 104
**HÚSEIGN MEÐ 3 ÍBÚÐUM**




Kleppsvegur 104: Mikið endurnýjað einbýli með tveimur aukaíbúðum. Á aðalhæð er íbúð m/rúmgóðum stofum, 3 svefnh. og endurnýjuðu eldhúsi og baðh. Í kjallara er góð ca. 61 fm íbúð með sérinngangi. Bílskúr sem er um 39 fm hefur nýlega verið innréttaður sem mjög góð 2ja herbergja íbúð. Stórt malbikað bílaplan og rúmgóð lóð.
**Verð 77,7 millj.**
Miklir tekjumöguleikar.

## Drafnarstígur
**101 RVK, 4RA HERB.**




Drafnarstígur 2a:
Ca 101 fm vel skipulögð íbúð (301) í góðu fjölbýli á frábærum, rólegum stað í vesturborginni. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og tveimur stofum, en auðvelt að nýta sem þrjú svefnherbergi og stofu. Suðaustursvalir. Þak, rennnur, svalir og svalahandrið eru endurnýjuð og rafmagnstafla er ný.

**Verð 43,5 millj.**

## Bakkabraut, Kópavogi
**ATVINNUHÚSNÆÐI**




Ca 385 fm. atvinnuhúsnæði við Bakkabraut í Kópavogi.
Um er að ræða 2 bil með tvennum innkeyrsludyrum og tvennum inngöngum.

Húsnæði á frábærum stað á Kársnesinu í Kópavogi með sjávarútsýni og miklum möguleikum.

Pantið tíma fyrir skoðun.

# Óskum eftir

### Íbúðareigendur / leigusalar
**Höfum verið beðin um að útvega íbúðir til leigu í úthverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila. Traustar greiðslur, leigutími að lágmarki 1 ár.**

**Hafið samband við starfsmenn Foldar.**

### 15-30 íbúða hús
**Vantar húseign með 15-30 íbúðum fyrir opinberan aðila. Traustar greiðslur. Húsið má vera í byggingu.**

**Hafið samband við starfsmenn Foldar.**

### SKIPTASKRÁ FOLDAR
**Margir viðskiptavinir á okkar vegum eru tilbúnir í íbúðaskipti. Skráið eignina á skipta- og leitarskrá Foldar. Við finnum eigna fyrir þig áður en þú selur. Erum að leita að einbýli í Kópavogi, 201 eða 203 fyrir ákveðinn aðila sem og 2ja-3ja herbergja íbúð á Akranesi fyrir annan.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

# FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
## Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



**Hilmar Óskarsson** Framkvæmdarstjóri Gsm: 896-8750
**Óskar Þór Hilmarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 822-8750
**Guðjón Sigurjónsson** Aðstm. í námi til lögg. fsl. Gsm: 846-1511
**Pálmi Almarsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 896-3344
**Smári Jónsson** Löggiltur fasteignasali Gsm: 864-1362
**Auður Kristinsdóttir** Löggiltur fasteignasali Gsm: 824-7772
**Hildur Edda Gunnarsdóttir** Lögfr./Aðstm. Gsm: 661-0804




**Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu.**
Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**Stórglæsilegar íbúðir með sjávarútsýni við Lund 5 í Kópavogi.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.isa**




**Stórglæsilegar íbúðir við Lund 25 í Kópavogi.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 25 í Fossvogsdal í 11 íbúð fjölbýlishúsi. Húsið er 5 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 111 til 179 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**RJÚPNASALIR**
- 201 Kóp.
- 92,0 fm.
- 3ja herb.
- 11. hæð.
- Stæði í bílgeymslu.
- Falleg íbúð.
- **Verð 41,9 millj.**




**STÓRHOLT 20**
- 105 Rvk.
- 3ja. herb.
- Aukaherbegi í kjallara sem hægt er að leigja út.
- **Verð 39,5 millj.**




**SKÓLAGERÐI 57**
- 200 Kóp.
- 2ja herb.
- 56,1 fm.
- Ný standsett, innréttingar, rafmagn.
- Laus við kaupsamning.
- **Verð 34,9 millj.**




**LANGALÍNA 30**
- 210 Sjáland Gbæ.
- 105 fm. 3ja herb.
- Stæði í bílageymslu.
- Óhindrað sjávarútsýni.
- Stórglæsilegar innréttingar og gólfefni.
- Álkætt hús.




**LUNDUR 3**
- 200 Kóp.
- 9. hæð.
- 3ja herb. 121,3 fm.
- Mikið útsýni.
- Fallegar innréttingar.
- Bílgeymsla.
- **Verð 64 millj.**




**HELGUBRAUT 19**
- 200 Kóp.
- Raðhús.
- 263,5 fm.
- Góð svefnherbergi.
- **Verð 65 millj.**

**ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
B.E.d.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON**
Löggiltur fasteignasali,
Viðskiptafræðingur B.Sc.


**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur,
aðstoðamaður fasteignasala
GSM 660 4777


**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Skrifstofustjóri
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 847-0314

## SKÓGARVEGUR 12-14, 108 REYKJAVÍK



**GUÐMUNDUR 865 3022 / BÖÐVAR 660 4777**

Þriggja herbergja íbúðir á milli 110 og 120 m² og fjögurra herbergja í kringum 160 m², allar íbúðir með geymslu og stæði í bílakjallara. Afar vel hannaðar íbúðir, fallegar innréttingar frá HTH.

## LINDARGATA 28, 101 REYKJAVÍK



**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

Einstakt tækifæri til að tryggja sér vandaðar íbúðir i 101 Rvk. Íbúðirnar, sem eru hannaðar og skipulagðar með þarfir nútímafólks í huga, eru á bilinu 47 fm til 91 fm. að stærð.

## GYÐUFELL 2, 111 REYKJAVÍK — 29M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 15. feb. kl. 17:30-18:00.
Þriggja herbergja 77.1 m² íbúð á annarri hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi við Gyðufell 2, 111 Reykjavík.

## MARKARVEGUR 1, FOSSVOGI – 108 RVK — 114M




**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

422,4 m² einbýlishús á þremur hæðum á góðum stað í Fossvogi. Stór afgirt hornlóð. Stór skjólgóð verönd til suðurs. Frístandandi bílskúr á lóð. Aukaíbúð á jarðhæð. Frábært fjölskylduhús.

## EINIVELLIR 7, 221 HAFNARFIRÐI — 42.9M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 14. feb. kl. 17:30-18:00. Fjögurra herbergja 112,2 m² íbúð á annarri hæð í fimm hæða fjölbýlishúsi. Bílastæði í bílkjallara og geymsla í sameign fylgja íbúð. Svalir með svalalokun.

## ARNARHRAUN 2, HAFNARFIRÐI — 42.9M



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

Fjögurra herbergja sérhæð, 124,1 m² plús 29,2 m² bílskúr. Undir bílskúrnum er kjallari með inngangi bæði úr bílskúr og garði. Kominn er tími á endurnýjun og viðhald á eigninni.

## SELJAVEGUR 29, 101 REYKJAVÍK — 42.5M



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Fjögurra herbergja 82.6 m² íbúð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í stofu og eldhús í samliggjandi opnu rými, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og geymslu í sameign.

## HRÍSMÓAR 2A, GARÐABÆR — 44.3M




**EDWIN ÁRNASON / 893 2121**

OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl. 17:30 – 18:00. 4ra herb. íbúð með sérinngang af svölum í þriggja hæða fjölbýli. Íbúðin er skráð 100,2 m². samkv. Fasteignamati Ríkisins en gólfflötur þó umþb. 120 m².

## GRUNDARSTÍGUR 24, 101 REYKJAVÍK — 74.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl. 17:30-18:00. 4 herbergja 143,6 m² þakíbúð með glæsilegu útsýni yfir miðbæ Reykjavíkur. Stofa, forstofa , eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi og sjónvarpshol.

## SKÚLAGATA 40, 101 REYKJAVÍK — 51.9M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl. 17:30-18:00. Eign fyrir 60 ára og eldri sem eru í félagi eldri borgara. Björt og vel skipulögð 3ja herbergja 144 m² íbúð á fimmtu hæð í níu hæða fjölbýlishúsi.

## EINSTAKT EINBÝLI EFST Í KÓPAVOGI

Er með í einkasölu glæsilegt nýlegt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið er um 440 m² og er eitt vandaðasta einbýlishúsið á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Frágangur allur er 1.flokks og hefur ekkert verið til sparað. Allt sérsmíðað og sérhannað í húsinu, m.a. tölvutýrðar lagnir og fl. Tvöfaldur bílskúr. Hús í einstökum gæðaflokki. Svona eignir koma sjaldan á markað.

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu Stakfells. Hafið samband við Stefán Hrafn Stefánsson hdl,lögg.fasts. 895-2049, stefan@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*









**Langtíma leiga**

## Skólavörðustígur - Leiga

# Frábær staðsetning

Til leigu er 51 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð við Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík. Miklir möguleikar. Húsnæðið er laust nú þegar til afhendingar.



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---

**búmenn**

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

**Búseturéttur á markaðsverði**

**Suðurtún 11 sem er raðhús í Garðabæ**



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja raðhúsi á einni hæð, 115 fm að stærð en þar af er bílskúrinn 25 fm og íbúðin 90 fm.

**Ásett verð búseturéttarins er kr. 15 millj. og eru mánaðargjöldin um kr. 122.000-.**

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðirnar og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 17. febrúar n.k. **Tilboðsfrestur er til 20. febrúar n.k.**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9- 12 og 13-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins
**www.bumenn.is**

---








## Fjárfestingartækifæri

# Miklir möguleikar

**Til sölu 7.430 fm fasteignasafn í fullri útleigu ásamt byggingarrétti á um 5.500 fm, skv. núgildandi deiliskipulagi.**

- Fasteignir í hjarta Kópavogs ásamt byggingarrétti skv. nýju deiliskipulagi Kópavogsbæjar.
- Fasteignirnar sem um ræðir eru Nýbýlavegur 4, Nýbýlavegur 6 og Nýbýlavegur 8 og eru samtals 7.430 fermetrar, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum þ.m.t. byggingarrétti í nýju deiliskipulagi.
- Byggingarrétturinn telur um 4.500 fermetra af íbúðarhúsnæði og 1.000 fermetra af atvinnuhúsnæði.
- Núverandi fasteignir eru í útleigu og í dag eru tekjur af þeim um 133 m.kr. á ári.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090



**Kjartan Hallgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali*
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Velkominn til starfa

450 FASTEIGNASALA

## Elías Haraldsson



Elías Haraldsson, löggiltur fasteignasali hefur starfað við fasteignasölu í 28 ár.

Elías er til þjónustu reiðubúinn og hlakkar til að takast á við ný og spennandi verkefni í traustum hópi fagmanna á 450 fasteignasölu.

**Sími: 777 5454**
**Netfang: elias@450.is**



**Árni Sigurgeirsson**
Framkvæmdarstjóri
arni@450.is
692 7203



**Erlendur Davíðsson**
Löggiltur fasteignasali
erlendur@450.is
897 0199



**Kristberg Snjólfsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
ks@450.is
892 1931



**Bárður Hreinn Tryggvason**
Aðstoðarmaður fasteignasala
bardur@450.is
896 5221



**Páll Heiðar Pálsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
palli@450.is
775 4000



**Baldur Jezorski**
Aðstoðarmaður fasteignasala
baldur@450.is
776 0615



**Hafdís Sveinbjörnsdóttir**
Skrifstofustjóri
hafdis@450.is
778 8900

450 Fasteignasala ehf. | 450.is | 450@450.is | Sími: 450 0000 | Engjateigur 9, 105 Reykjavík

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG   Garðatorgi 5   210 Garðabær   www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Sigurður | Hafdís | Árni Ólafur | Dórothea | Þorsteinn | Jóhanna Kristín | Bjarni | Berglind |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignasali | Sölustjóri | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Fasteignasali |
| 898 6106 | 820 2222 | 893 4416 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 895 9120 | 694 4000 |

| Óskar | Þóra | Þorgeir | Sigríður | Garðar | Halla | Alexander | Hrönn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sölufulltrúi | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi |
| 893 2499 | 822 2225 | 696 6580 | 699 4610 | 899 8811 | 659 4044 | 695 7700 | 692 3344 |

## Aftanhæð 1 210 Garðabæ

**Verð: 68.900.000**







**OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 182,6 m²

Fallegt og vel skipulagt endaraðhús með 3 svefnherbergjum, endurnýjuðu baðherbergi, auk um 60 fm. óskráðs rýmis á efri hæð með þakgluggum, vönduðum gólfefnum og snyrtingu sem eykur nýtingarmöguleika þess til muna. Bílskúr og 3 upphituð bílastæði í stéttinni fyrir framan húsið plús stórt aukabílastæði fyrir t.d. hjólhýsi. Vel hirtur og upplýstur garður. Frábær staðsetning og öll þjónusta í næsta nágrenni.
**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**



## Njörvasund 26 104 Reykjavík

**32.900.000**




**Herbergi:** 3  **Stærð:** [illegible]

Mikið endurnýjuð og [illegible] skipulögð 3ja herbergja íbúð í kjallara. Búið að endurnýja baðherbergi, lagnir,þ.m.t. skólp, ofna, glugga, gler, rafmagnstöflu og rafmagn. 2 geymslur inn í íbúð. Sameiginlegt þvottahús og sameiginlegur garður m/verönd.
**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

## Álfkonuhvarf 37 203 Kópavogi

**47.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 131,4 m²  Bílageymsla

Björt og falleg 4ra herb íbúð á 2.hæð með stæði í bílageymslu í góðu lyftuhúsi. Sérinngangur af svölum er að íbúðinni. Um er að ræða endaíbúð sem snýr upp í áttina að óbyggðri hlíð. Í einginni eru 3 góð svefnherb. Útgengi er út úr stofunni á suð-vestur svalir. Á gólfum er ljóst fallegt harðparket og náttúrusteinflísar.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Skógarvegur 12-14 103 Reykjavík

**Verð frá: 61.800.000**







**HRINGIÐ OG LEITIÐ UPPLÝSINGA**

**Fjölbýlishús  Herb.:** 3-4  **Stærð:** 117 - 161 m²

Glæsilegar og vel skipulagðar íbúðir í lyftuhúsi við Skógarveg. Vandaðar innréttingar frá HTH, spónlagðar með tæknispón eða hvítlakkað. Hiti í gólfum. Borðaplata er með 20 mm qarts steini í ljósum lit. Tæki frá AEG. Spanhelluborð og blástursofn. Tvö baðherbergi eru í flestum íbúðunum. Þvottahús og baðherbergi verða með flísum á gólfi. Skilast fullbúnar fyrir utan gólfefni. Stæði í bílageymslu.
**Uppl. Óskar sölufulltrúi, gsm: 893 2499**



**Óskar**
Sölufulltrúi
893 2499

## Lundur 5 Fossvogsdalnum í Kópavogi




**BÓKAÐU SKOÐUN Í GSM: 699-4610**

**Herbergi:** 3-4  **Stærð:** 120,5-194,4 m²

Glæsilegt álklætt fjölbýlishús með sjávarútsýni. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum Vandaðar innréttingar og tæki. Ein besta staðsetning á höfuðborgarsvæðinu.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Ársalir 3 201 Kópavogi

**39.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 14. feb kl 17.30-18.00**

**Íbúð  Stærð:** 99 m²

Falleg og vel meðfarin íbúð á þriðju hæð í vönduðu og snyrtilegu lyftuhúsi á vinsælum stað. Tvö svefnherbergi, þvottaherbergi innan íbúðar, ljós eik á gólfum og vandaðar innréttingar. Íbúðin er björt og opin með gluggum á þrjá vegu. Stofa, borðstofa og eldhús eru í einu rými. Tekk, mahogany eða sambærilegt í innréttingum.
**Upplýsingar veitir Óskar sölufulltrúi í gsm: 893 2499**

## Barðavogur 22 104 Reykjavík

**31.500.000**







**OPIÐ HÚS mánudaginn 13. feb. kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3  **Stærð:** 78,8 m²

Falleg og björt 3ja herbergja sérhæð á neðstu hæð með sérinngangi, íbúðin er lítið niðurgrafin í þríbýlishúsi á þessum eftirsóttastað í borginni. Mjög góð staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu. Bæði svefnherbergin eru rúmgóð , gólfefni er flísar og pl.parket, eldhús er einnig rúmgott með borðkrók og nýlegar hurðar eru í íbúðinni.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Langalína 20-26 SJÁLANDI Garðabæ




**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2-5  **Stærð:** 92-185 m²

Sala er hafin 2ja- 5 herb. búðum í glæsilegu 3ja hæða álklæddu lyftuhúsi við sjávarkambinn. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðunum.Vandaðar innréttingar frá Brúnás, AEG eldhústæki og stein borðplata frá S.Helgasyni. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergum og þvottahúsum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Garðatorg 2-B (íbúð 206) 210 Garðabæ

**69.900.000**



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 137,4 m²

*Eignin er laus við kaupsamning *Ný og glæsileg 3ja-4ra herbergja íbúð í nýbyggingu á Garðatorgi 2B í hjarta Garðabæjar. Íbúðin er sérlega vel útbúin, stórir gluggar, aukin lofthæð, fallegt útsýni og rúmgóðar svalir. Sérsmíðaðar innréttingar og skápar frá Trésmiðju GKS. Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Svalalokun fylgir á svölum.
**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

EIGNABORG FASTEIGNASALA
☎ 564 1500
30 ára
Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna- og skipasalar

## Mánatún - Reykjavík

### Vantar 3ja herbergja íbúð

**Erum að leita að 3ja herbergja íbúð með bílskúr í Kópvogi, fyrir fjárstekana aðila.**

Hamraborg 12. 200 Kópavogur. | Sími 564-1500 |eignaborg@eignaborg.is

## FJÁRFESTAR – MIÐBÆR REYKJAVÍKUR

Höfum til sölu fasteignafélag sem á fjórar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur, íbúðirnar eru allar í toppstandi í nýlegu húsi með lyftu.

## FJÁRFESTAR – FJÖLBÝLISHÚS

Höfum til sölu fjöbýlishús með 10 íbúðum á eftirsóttum stað. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar án gólfefna í desember 2017. Traustur byggingaraðili.

**Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson lögg. fasteignasali á skrifstofunni sími 8984125**

EIGNASTOFAN

Eignastofan fasteignamiðlun - Síðumúla 29 – 108 Reykjavík – Sími 5377500

Framúrskarandi fyrirtæki 2014-2016

Stofnað 1983
HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali
Guðbjörg Guðbjörnsdóttir löggiltur fasteignasali
Víglundur Helgason sölumaður
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Hildur Loftsdóttir skrifstofa

**BRATTAGATA - REYKJAVÍK - GISTIHEIMILI**



Hraunhamar kynnir: Nýkomið í einkasölu sérlega falleg og virðuleg húseign á þremur hæðum. Húsið er samtals 325,7 fm og er innréttað sem nokkrar íbúðir í útleigu/gistiheimili. Einstök húseign að mörgu leyti með bílastæði fyrir allt að 5-6 bíla á þessum vinsæla stað í Grjótaþorpinu í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur. **Verðtilboð. Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

**BÆJARHRAUN - HFJ - 38 STÚDÍÓ ÍBÚÐIR!**



Til sölu á þremur hæðum 1275 fm á besta stað í bænum, hótel/gistiheimili þ.e.a.s. 38 stúdíó íbúðir. Tvær gerðir með eldhúsi og baðherbergi í hverju herbergi/stúdíó íbúð. Eignin er á þremur hæðum, vörulyfta. Stúdíó íbúðirnar eru allar í útleigu. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu ofl.
**Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

**VINDAKÓR 9-11 4RA HERBERGJA - KÓPAVOGUR**




**Opið hús þriðjudaginnn 14. feb. milli 17.00 til 17.30**
Hraunhamar kynnir: Falleg 113 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð (fjórða hæð) auk stæðis í lokaðri bílageymslu í góðu nýlegu fjölbýli á þessum skemmtilega útsýnisstað í Kópavoginum.
**Nánari upplýsingar veitir Hlynur Halldórsson s. 698-2603, hlynur@hraunhamar.is**

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**






**MEISTARAMÁNUÐUR**
RENAULT MASTER DCI 100 L2H2 nýskr. 02/2014, ekinn 45 Þ.km, dísel, 6 gírar. Verð 2.999.000 kr. +vsk. Raðnr.255425 á BILO.is



VW GOLF GTE PLUG IN HYBRID nýskr. 03/2016, sýningarbíll frá VW ekinn 1700 KM, bensín/rafmagn, sjálfskiptur Verð 4.480.000 kr. Skipti á ódýrari! Raðnr. 255561 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## PJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**LEKA VEGGIRNIR HJÁ ÞÉR?**
**ER HUGSANLEGA SVEPPUR Í HÚSINU?**
Tek að mér að líta á vandamálið og gera tilboð í verkið. Bý yfir áhrifaríkum lausnum og áratuga reynslu.
**Guðmundur Baldursson**
**Verktaki,**
**sími: 698-8171**

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**




**Hurðir & Gluggar**
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahrauni 17 • Hafnarfirði
S:565 4123 • eljo@internet.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO




## til sölu

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Allt hjá okkur




# ÖRYGGISMYNDAVÉLAR OG KERFI




Innanhúss - einföld linsa | Utandyra - einföld linsa | Utandyra - tvíþætt linsa

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

TAKTIK 4818#




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
104 fm lager/Iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð við krókháls, lofthæð 3,10 m. Og 20 og 40 fm skrifstofur/vinnustofur við sund. Sími 894 1022

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

kvosin
ferskt og fljótt

Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á reglulegar vaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 21. febrúar.




## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Brú á Eldvatn hjá Ásum, Skaftárhreppi**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **14. mars 2017.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

## til sölu

# Alltaf logn á svölunum



**Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit**

Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

SKELIN

Höfðabakki 9,
110 Reykjavík
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX®



Vandaðir álsólskálar og glerhýsi



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# og sefur nú rótt

rnór Stefánsson er loksins orðinn bikarmeistari og and-
italeik gegn Skallagrími þar sem úrslit réðust í blálokin.

## Suðurnesjahringur í bikarnum á sex árum

Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari kvennaliðs Keflavíkur, kláraði hringinn í bikarnum á Suðurnesjunum með sigri stelpnanna sinna í Höllinni um helgina. Hann er nú búinn að stýra öllum þremur Suðurnesjaliðunum, Njarðvík, Grindavík og Keflavík, til sigurs í bikarkeppni KKÍ.



Það tók Sverri ekki langan tíma að klára þennan bikarhring, aðeins sex ár. Hann gerði Njarðvík að bikarmeistara árið 2012 og reyndar Íslandsmeistara líka, Sverrir stýrði svo Grindavík til sigurs í bikarnum fyrir tveimur árum og Keflavík í ár.

Sverrir Þór er búinn að mæta þrisvar sinnum í Höllina með kvennalið á síðustu sex árum og vinna í öll skiptin.

„Það er ekki leiðinlegt að halda áfram að bæta í þetta. Mig vantaði þennan og það er gott að vera búinn að loka þessari bikarkeppni með öll lið sem ég hef þjálfað í meistaraflokki,“ sagði Sverrir Þór Sverrisson eftir leik.

er heldur ekkert á dagskránni hjá þeim. Keflavíkurstelpurnar voru flestar mættar aftur á sunnudaginn til að spila til úrslita í unglingaflokki. Það gefur kannski bestu myndina af því hversu ungt liðið er.

Keflavíkurstúlkurnar eru ekki bara efnilegar heldur mjög góðar og ungar. Ef þær halda svona áfram og liðið helst saman er erfitt að sjá hver ætlar að stöðva þær.

Erna Hákonardóttir, fyrirliði Keflavíkur, er 24 ára gömul og næstelst í liðinu. Hún vissi að þetta yrði hörkuleikur. Liðin voru búin að mætast þrisvar sinnum á leiktíðinni og Keflavík búið að vinna tvisvar.

„Við ætluðum að koma hingað og gera allt sem við gætum til þess að ná í þennan bikar og við gerðum það. Ég hugsaði að þetta yrði ekki búið strax og ég vissi að við þyrftum að halda út allar 40 mínúturnar. Þessar stelpur eru ungar, en mjög góðar í körfubolta. Það er ekki hægt að segja ungar eða gamlar lengur,“ sagði Erna brosmild eftir leik.

Bikarmeistaratitillinn var sjá 14. í röðinni hjá Keflavíkurhjartað í Ernu: „Það er alltaf gaman að vinna bikar!“

**tomas@365.is**



Gylfi Þór lætur vaða að marki Leicester í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# GYLFI ÞÓR MEÐ ENN EINA STOÐSENDINGUNA

**FÓTBOLTI** Swansea gerði sér lítið fyrir og skellti Englandsmeisturum Leicester City í gríðarlega mikilvægum fallbaráttuslag í gær. Gylfi Þór Sigurðsson lagði upp seinna mark Swansea í leiknum og hann er þar með búinn að skora átta mörk og leggja upp önnur átta fyrir Swansea á þessari leiktíð. Hann er búinn að skora eða leggja upp fimm mörk í síðustu fjórum leikjum liðsins. Hann hefur líka átt þátt í átta mörkum Swansea í síðustu átta heimaleikjum liðsins. Með öðrum orðum, hann er búinn að vera stórkostlegur.

Tilkoma stjórans Paul Clement virðist líka hafa haft afar jákvæð áhrif á leik Swansea enda hefur liðið unnið fjóra af sex leikjum sínum í deildinni undir hans stjórn. Liðið vann aðeins þrjá af nítján leikjum sínum í deildinni áður en hann mætti á svæðið frá Þýskalandi.

„Mitt hlutverk var að koma með sjálfstraust inn í liðið, fá liðið til að spila betur og ná betra skipulagi í leik þess,“ sagði Clement.

„Ég er mjög ánægður með hvernig leikmenn hafa brugðist við því sem ég hef fram að færa.“

Á meðan Swansea fjarlægist fallsvæðið eru meistararnir í verulegum vandræðum. Að þeir hafi ekki skorað í sex leikjum í röð segir sitt um stöðu mála þar á bæ. Ekkert meistaralið hefur áður gengið í gegnum sex leiki án þess að skora í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

„Þetta er ótrúlegt. Við stöndum okkur vel og svo skora þeir með sínu fyrsta skoti á markið. Svo skora þeir aftur og eftir það er þetta orðið erfitt,“ sagði Claudio Ranieri, stjóri Leicester, eftir leikinn.

„Við erum að hugsa um og einbeita okkur að deildinni. Enski bikarinn og Meistaradeildin er annað. Við viljum spila vel og tryggja okkar sæti í deildinni. Okkar aðalmarkmið er að tryggja okkar sæti í deildinni. Það átti að byrja nýtt tímabil hjá okkur í þessum leik. Það er augljóst að við fáum of mikið af mörkum á okkur og skorum ekki nóg. Við verðum að finna lausnir á þessu vandamáli okkar.“

Chelsea er eftir sem áður í toppsæti deildarinnar og þó svo liðið hafi óvænt tapað stigum gegn Burnley er Lundúnaliðið með tíu stiga forskot á toppi deildarinnar. Kannski ekki svo óvænt samt því aðeins Chelsea og Tottenham eru með betri árangur á heimavelli í vetur en Burnley. Engu að síður þarf ansi mikið að ganga á ef Chelsea verður ekki meistari í vor.

„Auðvitað erum við svekktir að hafa aðeins fengið eitt stig. Við ætluðum að vinna,“ sagði Antonio Conte, stjóri Chelsea, eftir leikinn.

„Við vissum vel að það er erfitt að eiga við Burnley á þeirra heimavelli. Liðið er búið að fá 29 stig hérna. Það er mjög erfitt að spila á móti þeim og þeir eru ótrúlega harðir í horn að taka á heimavelli.“

# LEIKMAÐUR HELGARINNAR



**FÓTBOLTI** Eftir mikla eyðimerkurgöngu á nýja árinu kom loksins að því að Liverpool ynni leik í ensku úrvalsdeildinni. Liðið hafði saknað Senegalans Sadio Mane sárlega í janúar meðan hann var upptekinn í Afríkukeppninni. Fáir fögnuðu meira er Senegal datt úr keppninni en stuðningsmenn Liverpool.

Eftir fimm leiki í röð án sigurs kom Mane til bjargar með tveimur mörkum á 138 sekúndum. Þessi tvö mörk dugðu til þess að landa þremur stigum í gríðarlega mikilvægum leik gegn Tottenham.

Sigurinn fleytti Liverpool upp í fjórða sæti deildarinnar og það sem meira er að þá er Liverpool aðeins stigi á eftir Spurs núna en Tottenham er í öðru sæti deildarinnar.

Með Mane aftur í toppformi er Liverpool til alls líklegt á komandi misserum. Mane hefur komið við sögu í fimmtán mörkum Liverpool á leiktíðinni. Hann er búinn að skora ellefu mörk og leggja upp fjögur önnur.

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 25. umferðar 2016-17**

**Burnley - Chelsea 1-1**
0-1 Pedro (7.), 1-1 Robbie Brady (24.).

**Swansea - Leicester 2-0**
1-0 Alfie Mawson (36.), 2-0 Martin Olsson (45.+2).

**Arsenal - Hull City 2-0**
1-0 Alexis Sanchez (34.), 2-0 Alexis Sanchez, víti (90.+3).

**West Ham - WBA 2-2**
0-1 Nacer Chadli (6.), 1-1 Sofiane Feghouli (63.), 2-1 Manuel Lanzini (86.), 2-2 Gareth McAuley (90.+3).

**Man. Utd - Watford 2-0**
1-0 Juan Mata (32.), 2-0 Anthony Martial (60.).

**M'brough - Everton 0-0**

**Stoke - Crystal Palace 1-0**
1-0 Joe Allen (67.).

**Sunderland - Southamp. 0-4**
0-1 Manolo Gabbiadini (30.), 0-2 Manolo Gabbiadini (45.), 0-3 Jason Denayer, sjm (88.), 0-4 Shane Long (90.+2).

**Liverpool - Tottenham 2-0**
1-0 Sadio Mane (16.), 2-0 Sadio Mane (18.).

**Í kvöld:**
Kl. 20.00: Bournemouth - Man. City

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 25 | 19 | 3 | 3 | 52-18 | 60 |
| Tottenham | 25 | 14 | 8 | 3 | 46-18 | 50 |
| Arsenal | 25 | 15 | 5 | 5 | 54-28 | 50 |
| Liverpool | 25 | 14 | 7 | 4 | 54-30 | 49 |
| Man. City | 24 | 15 | 4 | 5 | 49-29 | 49 |
| Man. Utd. | 25 | 13 | 9 | 3 | 38-21 | 48 |
| Everton | 25 | 11 | 8 | 6 | 40-27 | 41 |
| WBA | 25 | 10 | 7 | 8 | 34-31 | 37 |
| Stoke | 25 | 8 | 8 | 9 | 30-36 | 32 |
| West Ham | 25 | 9 | 5 | 11 | 34-43 | 32 |
| Soton | 25 | 8 | 6 | 11 | 28-31 | 30 |
| Watford | 25 | 8 | 6 | 11 | 29-42 | 30 |
| Burnley | 25 | 9 | 3 | 13 | 27-36 | 30 |
| Bournem. | 24 | 7 | 5 | 12 | 35-47 | 26 |
| Swansea | 25 | 7 | 3 | 15 | 31-54 | 24 |
| M'brough | 25 | 4 | 10 | 11 | 19-27 | 22 |
| Leicester | 25 | 5 | 6 | 14 | 24-43 | 21 |
| Hull | 25 | 5 | 5 | 15 | 22-49 | 20 |
| C. Palace | 25 | 5 | 4 | 16 | 32-46 | 19 |
| Sunderland | 25 | 5 | 4 | 16 | 24-46 | 19 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**



Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Var lykilmaður í liði Swansea og lagði upp mark í 2-0 sigri á Leicester City.



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Sat á bekknum allan tímann er Burnley tók á móti Chelsea og nældi í frekar óvænt jafntefli.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Átti fínan leik er Cardiff lagði Leeds að velli, 0-2. Aron lagði upp seinna mark Cardiff.



Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Spilaði síðasta hálftímann er Úlfarnir töpuðu, 0-1, fyrir Newcastle.



Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Sat á bekknum allan tímann er félagar hans unnu 3-2 sigur á Wigan.



Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Var í byrjunarliði Villa og spilaði allan leikinn í 0-1 tapi gegn Ipswich.

# Þau áttu helgina

## Valdís Þóra Jónsdóttir
*kylfingur úr Leyni*



Valdís Þóra Jónsdóttir keppti á sínu fyrsta móti á LET-mótaröðinni sem er Evrópumótaröð kvenna. Hún komst í gegnum niðurskurðinn en var ekki í hópi þeirra 35 kylfinga sem fengu að spila lokahringinn á mótinu sem fram fór í Ástralíu. Skagakonan endaði í 51. sæti. Mjög viðunandi árangur hjá okkar konu á sínu fyrsta móti á þessari næststerkustu mótaröð kvenna.

## Elvar Ásgeirsson
*handboltamaður úr Aftureldingu*



Afturelding varð um helgina síðasta liðið til þess að tryggja sér farseðilinn í undanúrslit í bikarkeppni HSÍ, Coca Cola-bikarnum. Elvar átti stórleik og skoraði sjö mörk er Afturelding vann fjögurra marka sigur á Gróttu, 22-26. Elvar Ásgeirsson átti mjög öflugan leik fyrir Mosfellinga og skoraði sjö mörk í leiknum. Jafnt var í hálfleik, 12-12, en Mosfellingar voru sterkari í síðari hálfleiknum. Valur, Haukar og FH verða einnig í pottinum þegar dregið verður í undanúrslit í dag. Í kvennaflokki eru það lið Stjörnunnar, Hauka, Fram og Selfoss sem verða í pottinum góða. Undanúrslitin og úrslitin fara fram í Laugardalshöll eftir tæpar tvær vikur.

## Aníta Hinriksdóttir
*hlaupakona úr ÍR*



Aníta Hinriksdóttir er í flottu formi í upphafi innanhússtímabilsins og hún sýndi það og sannaði með því að vinna til silfurverðlauna í 800 metra hlaupi á Copernicus Cup í Póllandi. Hlaupið fór fram í Torun í Póllandi og Aníta kom í mark á 2:01,56 mínútum en sigurvegarinn var heimastúlkan Joanna Józwik sem kom í mark á 1:59,29 mín. Aníta Hinriksdóttir setti nýtt Íslandsmet á Reykjavíkurleikunum fyrir rúmri viku þegar hún hljóp á 2:01,18 mínútum.
Aníta náði ekki því meti en hún hefur aftur á móti aldrei hlaupið hraðar innanhúss á erlendri grundu en í kvöld. Hún jafnaði sitt besta hlaup sem var á EM í Prag 2015 en þó kom hún einnig í mark á 2:01,56 mínútum. Þetta var jafnframt í sjöunda skiptið sem Aníta hleypur á tíma undir 2:02,00 mínútum innanhúss.

# Gaman að fá hlaup og skemmtilegra að vinna

**FRJÁLSAR** Hlaupakonan Arna Stefanía Guðmundsdóttir varð um helgina Norðurlandameistari í 400 metra hlaupi en mótið fór fram í Tampere í Finnlandi.

„Ég er mjög ánægð að hafa unnið. Þetta var kannski ekki bæting hjá mér en það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að maður bæti sig um hverja helgi. Það var samt gaman að fá hlaup og enn skemmtilegra að vinna líka,“ segir Arna Stefanía en hún var þá nýlent frá Finnlandi.

Fyrir rúmri viku setti hún mótsmet á Reykjavíkurleikunum og tryggði sér um leið þátttökurétt á EM í Belgrad en það mót fer fram í upphafi næsta mánaðar. Tími hennar í Finnlandi var 54,21 sekúnda en á Reykjavíkurleikunum hljóp hún á 53,92 sekúndum. Það var líka ástæða fyrir því að tíminn var ekki alveg eins góður að þessu sinni.

„Það var keppt á 300 metra braut sem margir voru óánægðir með því hún er ólögleg og ef menn setja met á svona braut þá er það ekki löglegt. Ég hafði ekki keppt á svona braut áður og það var svolítið skrítið.“

Þessi magnaða hlaupakona er nú farin að horfa til Belgrad þar sem hún ætlar sér að gera það gott á EM.

„Þessi tvö síðustu hlaup hjá mér sýna að formið er gott. Ég er aðeins tæp í lærinu núna en vonandi verður það ekkert vandamál. EM er númer eitt á tímabilinu hjá mér og frábært að hafa náð lágmarkinu í fyrsta hlaupi. Allur undirbúningur snýst um það núna og svo er meistaramót og annað í millitíðinni,“ segir Arna Stefanía en hvert er markmiðið fyrir EM?

„Ég ætla að bæta mig vel og held að ég geti það alveg. Auðvitað væri gaman að komast í undanúrslit. Ef ég verð alveg heil og næ að æfa almennilega fram að móti er ég bjartsýn á að það takist. Ég finn að formið er gott og ég finn að ég á nóg inni. Það er gott að ná því besta fram á stóru mótunum.“ **– hbg**



**Arna Stefanía er á hraðri uppleið.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**De Randamie og Holm takast á.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# De Randamie kláraði Holm

**MMA** Hin hollenska Germaine de Randamie varð um helgina sú fyrsta til að vinna fjaðurvigtartitil kvenna í UFC. De Randamie vann Holly Holm eftir dómaraákvörðun.

Þetta var fyrsti bardaginn í fjaðurvigt kvenna í sögu UFC. Bardaginn var jafn en tilþrifalítill og er ekki mikil eftirspurn eftir endurati. Bardaginn fór í allar fimm loturnar og að mati allra þriggja dómaranna vann de Randamie þrjár lotur en Holm tvær. De Randamie fór því með sigur af hólmi, 48-47, og er nýjasti meistarinn í UFC.

# Þrjár konur í stjórn KSÍ

**FÓTBOLTI** Borghildur Sigurðardóttir, Magnús Gylfason, Guðrún Inga Sívertsen og Vignir Már Þormóðsson voru öll kosin í aðalstjórn KSÍ á 71. ársþingi Knattspyrnusambandsins í Vestmannaeyjum í dag.

Guðrún Inga fékk 123 atkvæði, Vignir 101, Magnús 76 og Borgildur 74. Þau voru kosin til tveggja ára. Gísli Gíslason, Jóhannes Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir og Rúnar Vífill Arnarson sitja áfram í stjórninni. Kjörtímabili þeirra lýkur í febrúar 2018.




# Frekjan er vondur förunautur

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Hinar ýmsu starfstéttir njóta mismikillar virðingar í samfélaginu. Okkur virðist ákaflega í nöp við þingmennina sem við höfum kosið til starfa og ekki þarf að hafa mörg orð um það álit sem bankamenn hafa notið hér á landi, þó að það kunni að fara að breytast með aukinni braskgleði landsmanna. Okkur er hlýtt til kennara, umönnunarstéttanna og annarra sem bæta líf, fræða, græða og líkna en gnístum tönnum yfir iðnaðarmönnum sem segjast koma eftir helgi um leið og við öfundum þá af frjálslegri umgengni sinni við tímann. Og við eigum í flóknu sambandi við listamennina – að sjálfsögðu – sem starfa eftir boðorðinu „Mitt er að yrkja, ykkar að styrkja“.

**Sterkar tilfinningar**

Og svo framvegis. Svo eru það sjómennirnir. Ég held að þjóðin standi í sérstöku og sterku tilfinningalegu sambandi við sjómennina, sem kannski má líkja við það álit sem hermenn annarra landa njóta. Án þess að samanburðurinn nái lengra – og guði sé lof fyrir að Íslendingar skuli ekki vera með neinn her – sjómennirnir standa ekki í vígaferlum á öðru en þorski, loðnu og öðrum sjávarlífverum. En þeir hafa lagt sig í hættu og fært fórnir í þágu samfélagsins. Samfélagslegt gagn af hermennsku er einatt tóm blekking en sjómennirnir færa okkur á hinn bóginn mikil verðmæti.

Sjómenn njóta virðingar hér á landi umfram flestar stéttir. Flest erum við af sjómönnum komin, mislangt aftur, og í ótal íslenskum fjölskyldum eru til sögur af sjávarháska og ótímabærum dauðsföllum í tengslum við sjósókn.

Við búum á eyju, erum umkringd hafi, skynjum nálægð þess, ógn þess og fegurð. Við vitum að við eigum allt undir því komið hvernig háttað er umgengni okkar við þá ómetanlegu auðlind sem við eigum aðgang að þar og líka hitt: að við stöndum í þakkarskuld við þá sem sækja sjávaraflann – draga björg í bú. Starfið er erfitt og krefjandi, kostar langdvalir að heiman og ýmsar fórnir og við viljum að sjómenn séu vel launaðir.

**En á meðan veiðigjöld eru svo lág sem raun ber vitni, og gróðinn jafn ofsamikill og verið hefur undanfarin ár, þá er það til nokkuð mikils mælst að útgerðarmenn, sem telja sig ekki muna um að tapa 700 milljónum á dag, þurfi samfélagslega aðstoð til að greiða sjómönnum það sem þeim ber.**

Hvernig sýnir samfélagið þessa almennu virðingu sem borin er fyrir sjómannsstarfinu? Þeir hafa sinn dag – Sjómannadaginn sem víða um land er einn helsti hátíðisdagur ársins. Sú var tíð að þeir höfðu sinn sérstaka óskalagaþátt í útvarpinu – ásamt sjúklingum; þetta var eina fólkið í landinu sem Ríkisútvarpið leyfði að heyra það sem langaði til; öll hin máttu hlusta á sinfóníur og Victor Silvester og hljómsveit. Það var náttúrlega viss heiður. Og svo var það sjómannaafslátturinn á þeim tímum þegar útgerðin barðist í bökkum og það þurfti að lokka menn til sjós.

Nú bregður svo við að fólk lætur lítið í sér heyra til stuðnings sjómönnum. Ekki þarf endilega að gera því skóna að það sé vegna þess að fólk styðji ekki kröfur þeirra heldur kann það allt eins að vera vegna þess að erfitt er að átta sig á þessari deilu og hvers vegna hún dregst svona á langinn.

**Frekjan er vondur förunautur**

Eftir því sem maður kemst næst er nú deilt um fæðiskostnað, þátttöku sjómanna í olíukostnaði, gott ef ekki kostnað við internettengingar um borð. Kröfur sjómanna eru sagðar upp á þrjá milljarða, en útgerðirnar ósveigjanlegu eru sagðar tapa ævintýralegum fjárhæðum á þessu verkfalli: 700 milljónir á dag er tala sem sést hefur og þarf ekki að hafa mörg orð um fórnarkostnaðinn við að berja þessar kröfur niður. Ég sá Jóhann Hauksson fyrrum fréttamann gera því skóna að stóru útgerðirnar kunni hér að ráða ferðinni og hugsi sér jafnvel gott til glóðarinnar þegar minni útgerðir fara í þrot vegna verkfallsins því þá verður auðvelt að nálgast kvóta þeirra á nauðungaruppboðum. Jóhann spyr hvort það sé kannski „uppboðsleiðin á kvóta sem þeim hugnist“.

Hér er hvað sem öðru líður miklu kostað til við að standa gegn kröfum sem virðast hóflegar.

Það er að minnsta kosti með hreinum ólíkindum að ekki takist að semja svo lengi, þegar svo mikið er í húfi fyrir þjóðarbúið og smærri byggðarlög. Óneitanlega hvarflar að manni að hér sé dæmi um þann frekjukúltúr sem við höfum séð þróast hjá ráðandi útgerðarmönnum og hvernig slíkt lífsviðhorf er vonlaust leiðarljós til að leysa mál og komast að niðurstöðum. Það er eins og menn ætlist til að einhver leysi þetta fyrir þá; komi einhver mamma og greiði úr öllu. Hér virðist um að ræða ábyrgðarleysi þeirra sem aldrei telja sig þurfa að semja við aðra til að fá eitthvað fram heldur hafa komist upp með að knýja fram niðurstöðu í krafti styrks, auðs og valda. Og hafa það leiðarljós í lífinu að gefa aldrei eftir í neinu.

Hið eina sem útgerðarmenn virðast reiðubúnir til að fallast á sjómönnum til handa á að koma frá ríkinu, úr sameiginlegum sjóðum; nokkurs konar niðurgreiðsla á launum, í formi skattaafsláttar eða annarra viðlíka leiða. Sjómenn eru ástsæl stétt og við teljum að þeir eigi að njóta góðra kjara og fá sinn sanngjarna hlut af aflaverðmætinu. En á meðan veiðigjöld eru svo lág sem raun ber vitni, og gróðinn jafn ofsamikill og verið hefur undanfarin ár, þá er það til nokkuð mikils mælst að útgerðarmenn, sem telja sig ekki muna um að tapa 700 milljónum á dag, þurfi samfélagslega aðstoð til að greiða sjómönnum það sem þeim ber.






# Íslenska ríkið sér á báti

Arnþrúður Karlsdóttir
fyrir hönd Útvarps Sögu
Kristján Kristjánsson
fyrir hönd ÍNN
Orri Hauksson
fyrir hönd Símans
Rakel Sveinsdóttir
fyrir hönd miðla Hringbrautar
Sævar Freyr Þráinsson
fyrir hönd 365 miðla

Þjóðir heims, hver um sig, vilja styðja við bakið á tungu sinni og menningu. Á sögueyjunni Íslandi er þetta markmið sérstaklega mikilvægt en um leið viðkvæmt, sökum hins takmarkaða fjölda, sem talar fallega tungumálið okkar. Fjölmiðlar og framleiðendur gæðaefnis gegna hér mikilvægu hlutverki og vilja nær undantekningalaust sinna því af myndugleik. Talsverða burði þarf til geta framleitt, keypt, talsett, þýtt eða miðlað íslensku efni, hvort sem er við fréttaöflun, frumsköpun eða aðra dagskrárgerð. Frjálsir fjölmiðlar hafa reynt að sinna þessu eftir fremsta megni – samhliða ríkismiðlinum – og eru býsna stoltir af framlagi sínu til þessa. Róðurinn verður hins vegar sífellt þyngri, sökum margvíslegrar alþjóðlegrar þróunar og afar sérstaks fyrirkomulags í fjölmiðlun á Íslandi. Útlitið væri mun bjartara ef ríkið tæki ekki bróðurpart tekna á fjölmiðlamarkaði til sín.

Tekjur ríkisrekinna fjölmiðlafyrirtækja í Evrópu, utan Ríkisútvarpsins, eru eingöngu í formi árlegs útvarps- eða afnotagjalds og af sölu á sjónvarpsefni framleiddu í heimahögum. NRK í Noregi, SVT í Svíþjóð, DR í Danmörku og BBC í Bretlandi eru nær eingöngu rekin fyrir almannafé. Alls 97% tekna NRK á árinu 2015 fengust með afnotagjöldum, sem norskum almenningi ber að greiða. Hlutfallið var 96,5% hjá SVT sama ár, 92% af tekjum DR og 77,5% hjá BBC. Afgangurinn var afrakstur sölu velheppnaðra sjónvarpsþáttaraða og heimildamynda til annarra landa.

**Svipuð upphæð á hvern íbúa**

Íslenska ríkið greiðir næsthæstu upphæð á hvern í íbúa til síns ríkismiðils. Einungis Norðmenn greiða hærri upphæð á haus en við. Engum þessara miðla utan Íslands er gert að afla sér auglýsingatekna á samkeppnismarkaði, Ríkisútvarpið eitt býr við þá kvöð. Þriðjungs af tekjum Ríkisútvarpsins er aflað í harðri samkeppni um auglýsingafé, sem háð er daglega við einkamiðla. Samkvæmt ársreikningi 2015 voru auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins um 2,8 milljarðar á tímabilinu 1. september 2014 til 31. desember 2015. Í þessari baráttu nýtur Ríkisútvarpið yfirburðastöðu, sem fæst með skylduáskrift og fjölbreyttum aðstöðumun gagnvart einkamiðlunum. Þannig dregur hið opinbera til sín sífellt stærri hluta íslensks auglýsingafjár í ljósvaka. Eins og gefur að skilja setur þetta fyrirkomulag verulegar hömlur á möguleika einkarekinna miðla til að skapa dýra og metnaðarfulla dagskrá. Einkareknir miðlar geta hvorki stundað öfluga fjölmiðlun – né stuðlað að sífelldu og auknu framboði af íslensku gæðaefni fyrir almenning – nema hafa möguleika á að afla sér tekna.

**Engum þessara miðla utan Íslands er gert að afla sér auglýsingatekna á samkeppnismarkaði, Ríkisútvarpið eitt býr við þá kvöð. Þriðjungs af tekjum Ríkisútvarpsins er aflað í harðri samkeppni um auglýsingafé, sem háð er daglega við einkamiðla.**

**Einfaldar og markvissar umbætur**

Illugi Gunnarsson, fyrrverandi menntamálaráðherra, skipaði nefnd á dögunum sem á að hafa það hlutverk að skoða stöðu einkarekinna fjölmiðla á Íslandi. Það ætti að vera fyrsta verkefni nefndarinnar að skapa íslenskum fjölmiðlum sama rekstrarumhverfi og þekkist í nágrannalöndum okkar. Ríkisútvarpið stendur sig að mörgu leyti ágætlega. Vart er þó leiðarljós íslenska ríkisins að ríkismiðillinn, einn ljósvakamiðla, sinni íslenskri tungu og menningu. Einkareknir fjölmiðlar vilja gjarnan taka þátt í að styðja með fjölbreyttum hætti við bakið á blómlegri dagskrárgerð og efnisframleiðslu á Íslandi. Hægðarleikur er fyrir íslenska ríkið að gera þeim það kleift til framtíðar.







FRÉTTABLAÐIÐ
TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**María I. Jóhannsdóttir**
(Lóló)
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést 28. janúar. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðrún María Jóhannsdóttir**
**Kristín Ingibjörg Jóhannsd.** **Jón Rafn Sigurðsson**
**Jens Pétur Jóhannsson** **Matthildur Róbertsdóttir**
**Hólmgeir Þór Jóhannsson** **Helga Georgsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Okkar elskaði

**Helgi Jóhannsson**

sem lést mánudaginn 6. febrúar verður jarðsunginn í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. febrúar klukkan þrjú.

**Hjördís Bjarnason**
**Gunnar Fjalar Helgason** **Kristrún Kristjánsdóttir**
**Óttar Örn Helgason** **Þorgerður Arna Einarsdóttir**
**Hallur Már Helgason**
**og barnabörn.**



Útför

**Páls Flygenring**
verkfræðings og fv. ráðuneytisstjóra,
Þorragötu 5, 101 Reykjavík,

fer fram í Neskirkju þriðjudaginn 14. febrúar 2017 kl. 13.00.

**Þóra Jónsdóttir**
**Björn Flygenring**
**Kirstín Þ. Flygenring** **Sigurður R. Helgason**
**Elín Flygenring** **Finnbogi Jakobsson**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjálmar Guðmundsson**
áður Melteigi, Keflavík,

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Albert B. Hjálmarsson** **Brynja Kjartansdóttir**
**Lísbet Hjálmarsdóttir** **Gunnar I. Kristinsson**
**Guðmundur Hjálmarsson** **Sveindís Skúladóttir**
**barnabörn og barnbarnabörn.**



Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Ingeborg Linda Mogensen**
Garðastræti 2, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 7. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

**Örn Á. Sigurðsson**
**Pan Thorarensen**
**Rúna Thorarensen**
**Guðrún Lárusdóttir**
**Helgi Egilsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Þurfum að hætta að tala um hlutina og fara í aðgerðir

Fyrirlestur Rakelar Garðarsdóttur um matarsóun og leiðir til að virkja tíma og spara peninga fer fram í dag í Bókasafni Seltjarnarness. Rakel vill minna mas og meiri aðgerðir.

Rakel Garðarsdóttir, baráttumanneskja fyrir bættum heimi, verður gestur Bókasafns Seltjarnarness í dag þar sem hún bendir á leiðir fyrir fjölskyldufólk til að virkja dýrmætan tíma á sama tíma og stuðlað er að minni matarsóun og um leið hagsýnum rekstri innan veggja heimilisins. Hefst fyrirlestur hennar klukkan 17.30 og er ókeypis inn. Umfjöllun Rakelar er liður í fyrirlestraröð Bókasafnsins undir heitinu Eldhúsdagar, þar sem sjónum er beint að hagnýtum og hollum ráðum fyrir alla.

„Fyrirlesturinn verður tengdur matarsóun. Þegar ég kem svona fram þá er bókin Vakandi veröld uppsprettan að fyrirlestrinum,“ segir Rakel en hún vann hana ásamt Margréti Marteinsdóttur. „Þó umhverfisáhrifin, sem eru skelfileg, séu í fyrirrúmi er ég líka að hugsa um hluti sem snúa að vinnunni.

Eftir því sem maður verður eldri þá heyrir maður á fólki að það er alltaf að vinna og sumir eru jafnvel ekki einu sinni í vinnu sem þeim líkar vel við. Og stór hluti af þeim launum fer bara í ruslið, því við notum svo mikið af peningum okkar í mat sem endar í ruslinu. Í staðinn fyrir að henda öllum matnum þá er hægt að spara og nýta peningana til að fara til Spánar eða eitthvað álíka. Þetta helst í hendur. Meiri tími með fjölskyldunni og meiri peningur. Sem er svo dýrmætt. Þess vegna er fáránlegt að sóa þessum dýrmæta tíma, freka ætti að nýta hann í eitthvað uppbyggilegra en að henda mat í ruslið.“

Rakel hefur verið ötul baráttukona gegn matarsóun hér á landi í langan tíma og er nánast andlit þeirrar baráttu. Hún segir að Íslendinga skorti þor til að taka næsta skref. „Okkur gengur ekkert sérlega vel. Við erum enn að henda fullt af mat þó það séu margir að vakna en okkur vantar aðgerðir. Neytendur eru margir hverjir að vakna og verslanir eru enn að henda gríðarlegu magni. Borgaryfirvöld eru til dæmis ekki enn komin með tunnu undir lífrænan úrgang. Það er allt á stefnuskrá en eftir hverju er verið að bíða? Við þurfum að hætta að tala um hlutina og fara í aðgerðir. Á meðan tikkar tíminn.“

Hún bendir á að skólar séu duglegir að kenna börnum um skaðsemi matarsóunar og það smitist inn á heimilið. En betur má ef duga skal. „Það er mikilvægt að þetta sé í skólunum. Þar er kennt um skaðsemi plasts og frauðplasts til dæmis sem er ekki hægt að endurvinna. Það er til dæmis góð spurning. Af hverju er engin verslun eða búð að segja, komið að versla hjá mér – við erum ekki að nota frauðplast. Það eru nefnilega ótal tækifæri beint fyrir framan okkur.“

**benediktboas@365.is**



**Rakel Garðarsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Jóhönnu Helgu Guðmundsdóttur**
frá Innstu-Tungu, Tálknafirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 13G Landspítala. Ykkar alúð var einstök.

**Ársæll Egilsson**
**Kristín G. Ársælsdóttir** **Njáll Torfason**
**Hrefna Ársælsdóttir** **Steindór Andersen**
**Níels A. Ársælsson** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Tryggvi Ársælsson** **Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**
**Hlynur Ársælsson** **Hallveig Guðný Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir afi og langafi,

**Kjartan Bjarnason**
fyrrum bæjarverkstjóri Garðabæjar,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund 7. febrúar sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi fimmtudaginn 16. febrúar kl. 13.

**Ragna Pálsdóttir**
**Kolbrún Kjartansdóttir** **Ásþór Ragnarsson**
**Páll Bjarni Kjartansson** **Þuríður Pálsdóttir**
**Hrafnhildur Kjartansdóttir** **Jón Þorvaldur Bjarnason**
**Hrefna Nellý Ragnarsdóttir** **Jón Sigurbjörnsson**
**Kristín Stefánsdóttir** **Jón Sverrir Erlingsson**
**barnabörn og langafabörn.**


Primera Air
KOMDU ÞÉR Í FERÐASKAPIÐ!
TAKMARKAÐUR AFSLÁTTUR AF FLUGFERÐUM Í SUMAR!
HEILLANDI STRÖNDIN Á
MALAGA / COSTA DEL SOL
FRÁ 19.999 KR.
~~27.999 KR.~~
TIGNARLEGA BORGIN
TRIESTE / PORTOROZ / BIBIONE
FRÁ 19.999 ISK
~~22.999 ISK~~
BÓKIÐ Á
PRIMERAAIR.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Fremur hæg sunnan- og suðaustanátt og smá skúrir eða slydduél í dag, en léttskýjað norðaustanlands. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 3° |
| ↖ 13 | ↖ 7 | ↖ 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | 1° |
| ↖ 14 | ← 11 | ↑ 19 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 3° |
| ↖ 6 | ↙ 2 | ↑ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 6° | 1° |
| ↑ 9 | ← 8 | ↑ 12 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. áfall
6. í röð
8. ferð
9. tilvist
11. óreiða
12. flandur
14. miklu
16. tveir eins
17. rangl
18. sníkjudýr
20. vörumerki
21. rænuleysi

**LÓÐRÉTT**
1. helminguð
3. pot
4. pikkles
5. hyggja
7. bílskýli
10. ílát
13. sönghópur
15. fiskur
16. kjafi
19. horfði

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lost, **6.** áb, **8.** túr, **9.** líf, **11.** rú, **12.** flakk, **14.** stóru, **16.** kk, **17.** ráf, **18.** lús, **20.** ss, **21.** óráð.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** ot, 4. súrkrás, **5.** trú, **7.** bílskúr, **10.** fat, **13.** kór, **15.** ufsi, **16.** kló, **19.** sá.

## Skák Gunnar Björnsson

Polugajevski átti leik gegn Szilagyi í Moskvu árið 1960.

**Hvítur á leik**

**1. Bf8+!! Hxf8 2. Hd3! 1-0.** Guðmundur Peng Sveinsson sigraði á Bikarsyrpu TR sem fram fór um helgina. Iðunn Helgadóttir sigraði í stúlknaflokki. Kappteflið um Friðrikskónginn heldur áfram í kvöld.

**www.skak.is:** Allt um Bikarsyrpuna.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | | 2 | | | | |
| | 2 | | | | 4 | | 9 | 5 |
| 3 | 5 | | | | | 6 | | |
| | | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 8 | 4 | 9 | | | 2 | | | |
| 7 | | | | 5 | | 2 | | |
| | | 5 | 7 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | 9 | 6 | | 1 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 3 | | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | | 3 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 6 | | | 2 | | |
| 6 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | | 2 |
| 3 | | 8 | 5 | 4 | | | | |
| 5 | | | 7 | | 3 | | 9 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 2 | 4 |
| 4 | | | | | 2 | | | |
| | 5 | 9 | 3 | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 9 | | 3 | |
| 8 | | | 9 | 6 | | | | 5 |
| | | | 1 | | | 3 | | |
| | | 5 | | 8 | | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| XXX 3 | KL. 8:20 - 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| RINGS | KL. 8 - 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| XXX 3 | KL. 5:40 - 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 6:20 - 8 - 9 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 |
| JOHN WICK: CHAPTER 2 | KL. 10:30 |
| RINGS | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:20 |





# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. FEBRÚAR 2017

### Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestur: Tengsl trúfélaga á 21. öld frá sjónarhóli lútherskrar kirkju
**Hvenær?** 11.40
**Hvar?** Aðalbygging Háskóla Íslands
Dr. María Ágústsdóttir heldur fyrirlestur á málstofu í boði Guðfræðistofnunar í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Málstofan hefst kl. 11.40 og lýkur kl. 13. Yfirskrift fyrirlestursins er: Tengsl trúfélaga á 21. öld frá sjónarhóli lútherskrar kirkju. Spurt hefur verið hvernig skipulögðum trúarbrögðum muni reiða af á næstu áratugum þar sem margt í samtíma okkar hér í okkar heimshluta virðist andsnúið stofnunum og hefðum, þótt ýmiss konar andleg iðkun (e. spirituality) virðist lifa góðu lífi.

**Hvað?** Tónlist og forritun fyrir 9-12 ára
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni
Einn mánudag í mánuði fram á vor verður boðið upp á ókeypis tækni- og tilraunaverkstæði í Spönginni með leiðbeinendum frá Kóder fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára. Þess á milli er hægt að koma og prófa sig áfram í forritun og leikjum í smátölvunni Raspberry Pi, án leiðbeinenda. Mánudaginn 13. febrúar verður forritun kynnt fyrir krökkum í gegnum tónlist.

**Hvað?** Expó skálinn
**Hvenær?** 10.30
**Hvar?** Harpa
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús og Sagafilm hafa farið í samstarf um að bjóða gestum að heimsækja Expo skálann í Hörpu. Expó skálinn var fyrst settur upp á heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010. Skálinn var endurreistur sem landkynning Íslands á bókamessunni í Frankfurt 2011 auk þess sem hann var settur upp í Hörpu 2012 og í Brimhúsinu 2013. Í skálanum er sýnd 15 mínútna íslensk kvikmynd framleidd af Sagafilm, þar sem íslenskri náttúru er varpað á fjórar hliðar og loft skálans og myndar þannig tening utan um gesti. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Ilmur Stefánsdóttir: Panik
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Höfundur innsetningarinnar Panik er myndlistarkonan Ilmur Stefánsdóttir. Ilmur hefur farið ótroðnar slóðir í listsköpun sinni og gjarnan tengt saman gjörninga og hluti eða farartæki sem hún smíðar og notar sjálf eða býður sýningargestum að taka þátt og prófa. Á þessari sýningu eru tækin og tólin nálæg í gegnum myndbandsverk sem virðast samtvinnuð burðarvirki sýningarsalarins; í loftræstikerfinu, inni í súlunum og á salthaugum víða um salinn. Alls staðar hamast þessi kona. Stökkbreyting hluta og hegðun fólks eru Ilmi hugleikin viðfangsefni.


**Hera Hilmarsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson leika í verkinu Andaðu í Iðnó í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson og Þorvaldur Skúlason: Augans börn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ásmundarsafni
Á þessari sýningu má sjá verk eftir þá Ásmund Sveinsson (1893 – 1982) og Þorvald Skúlason (1906 – 1984) sem voru í hópi þeirra listamanna sem stöðugt voru að tileinka sér ný viðhorf innan myndlistarinnar um miðja síðustu öld. Sýningin er samstarf Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Háskóla Íslands.

**Hvað?** D29 Anna Hrund Másdóttir: Fantagóðir minjagripir
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Tuttugasti og níundi listamaðurinn í D-salarröð Listasafns Reykjavíkur Hafnarhúsi er Anna Hrund Másdóttir. Anna Hrund leitar að listinni í sínu nánasta umhverfi og gerir tilraunir til að sameina undirmeðvitund og íhugun raunverulegum hlutum. Anna Hrund finnur hluti úr ýmiss konar landslagi, geymir þá og flytur milli heimila og heimsálfa.

**Hvað?** Hrina – leikur, gjörningur, skráning og frásögn
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Hrina er viðamikið sýningarverkefni þar sem tekinn verður til sýninga stór hluti þeirra kviku myndverka sem til eru í safneign Listasafns Reykjavíkur. Titill sýningarinnar vísar til þess að verkin verða sýnd í fjórum hrinum og stendur hver þeirra yfir í um það bil einn mánuð. Hrinurnar hafa hver sitt þema sem byggir á nálgun og viðfangsefnum listamannanna. Þemun eru leikur, gjörningur, skráning og frásögn. Yfirstandandi Hrina nefnist Gjörningur og eru sýnd verk eftir Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, Ásmund Ásmundsson, Doddu Maggý, Erling Klingenberg, Gjörningaklúbbinn og Magnús Pálsson.

**Hvað?** Andaðu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Leikritið er ástarsaga ungs pars á tímamótum sem stendur frammi fyrir stærstu ákvörðun lífs síns, andspænis áhyggjum af þeirra persónulegu framtíð en líka í skugga af framtíð jarðar. Snarpur dúett milli konu og manns í miðjum IKEA-draumnum. Andaðu er verðlaunaleikrit eftir Duncan Macmillan með ungstirnunum Heru Hilmarsdóttur og Þorvaldi Davíð Kristjánssyni í aðalhlutverkum.


## Góða skemmtun í bíó







BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Original Bliss ENG SUB | 17:45 |
| Besti Dagur Í Lífi Olli Maki | 18:00 |
| Moonlight | 17:30, 22:15 |
| Toni Erdmann ENG SUB | 20:00 |
| The People Vs. Fritz Bauer ENG SUB | 20:00 |
| Paterson | 20:00 |
| Hjartasteinn ENG SUB | 2230 |





2

## UM LAND ALLT

Ný sería þar sem Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið. Í þessum þætti heilsar hann upp á Breiðdælinga og skoðar mannlíf í Breiðdal og á Breiðdalsvík. Samfélagið varð fyrir áfalli þegar kvótinn fór og frystihúsið lokaði og íbúum fækkaði um helming. Nú virðist vera að birta til á ný. Fiskvinnsla hefur verið endurvakin, ferðaþjónustan dafnar og ungar barnafjölskyldur eru að setjast að.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



2

## GRAND DESIGNS UK

Vönduð sería þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum fólks í Bretlandi. Þar fer ríkt hugmyndaflug og góður smekkur saman og útkoman yfirleitt mikið augnayndi.



2 HEIMILI HBO

## INSECURE

Gamanþáttur úr smiðju HBO sem fjallar um hina hispurslausu en afar óöruggu Issu Dee, leikna af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna.



2

## SUITS

Eftir nokkurt hlé höldum við áfram að fylgjast með klækjarefunum Mike Ross og Harvey Specter í þessum vinsælu og stórgóðu þáttum.




2

## SIX

Hörkuspennandi þættir, byggðir á raunverulegum atburðum, og fjalla þeir um hóp sérsveitarmanna sem freista þess að handsama leiðtoga innan raða talibana í Afganistan.



2

## SHAMELESS

Skemmtileg þáttasería um þessa skrautlegu og stórskemmtilegu fjölskyldu sem er ekki eins og fólk er flest og ekki alveg til fyrirmyndar.



3

## ONE BORN EVERY MINUTE - WHAT HEPPENED NEXT

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgt er eftir nokkrum eftirminnilegum pörum úr fyrri þáttaröðum og fjallað um lífið eftir fæðingu barna þeirra.

365.is

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 The Middle**
**08.10 2 Broke Girls**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Sullivan & Son**
**10.45 Who Do You Think You Are?**
**11.45 Mayday**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol**
**14.20 American Idol**
**15.00 American Idol**
**15.40 Ground Floor**
**16.05 Tommi og Jenni**
**16.30 The Simpsons**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Grand Designs**
**20.10 Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.
**20.40** Insecure
**21.15 Suits**
**22.00 Six** Hörkuspennandi þáttaröð sem er byggð á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sérsveitin flókin og erfið mál til að leysa úr og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöfundur þáttanna, William Broyles Jr. (Apollo 13), fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sérsveitahermanninum David Broyle sem gætir þess þó að upplýsa ekki allra viðkvæmustu trúnaðargögnin þrátt fyrir ómetanlegt innlegg hans í handritsgerðina.
**22.45 Shameless**
**23.40 Timeless**
**00.25 Kite**
**02.00 Major Crimes**
**02.45 Bones**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.55 Premier League**
**09.35 Premier League**
**11.15 Þýski boltinn**
**12.55 NFL Gameday**
**13.25 Enska 1. deildin**
**15.05 Premier League**
**16.45 Premier League**
**18.25 Football League Show**
**18.55 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.20 Spænsku mörkin**
**19.50 Premier League**
**22.00 Messan**
**23.40 Premier League**
**01.20 Messan**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.50 Premier League**
**10.30 Premier League**
**12.10 Premier League**
**13.50 Premier League**
**15.30 Premier League**
**17.10 Spænski boltinn**
**18.50 Úrslitaleikur Reykjavíkurmótsins**
**21.00 Premier League**
**22.40 Premier League**
**00.20 Úrslitaleikur Reykjavíkurmótsins**

## STÖÐ 3

**17.30 2 Broke Girls**
**17.55 Raising Hope**
**18.20 The Big Bang Theory**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.40 Stelpurnar**
**20.05 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**20.30 One Born Every Minute – What Happened Next**
**21.20 Grimm**
**22.05 Game of Thrones**
**23.00 Klovn**
**23.30 Salem**
**00.15 The Mentalist**
**01.00 Grimm**
**01.45 Game of Thrones**
**02.40 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Hvellur keppnisbíll**
**07.37 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**07.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Grettir**
**08.11 Zigby**
**08.25 Latibær**
**08.47 Mæja býfluga**
**09.00 Dóra könnuður**
**09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00 Áfram Diego, áfram!**
**10.24 Svampur Sveinsson**
**10.49 Lalli**
**10.55 Rasmus Klumpur**
**11.00 Strumparnir**
**11.22 Hvellur keppnisbíll**
**11.34 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**11.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**12.00 Grettir**
**12.11 Zigby**
**12.25 Latibær**
**12.47 Mæja býfluga**
**13.00 Dóra könnuður**
**13.24 Mörgæsirnar**
**13.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00 Áfram Diego, áfram!**
**14.24 Svampur Sveinsson**
**14.49 Lalli**
**14.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**15.00 Strumparnir**
**15.22 Hvellur keppnisbíll**
**15.34 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**15.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**16.00 Grettir**
**16.11 Zigby**
**16.25 Latibær**
**16.47 Mæja býfluga**
**17.00 Dóra könnuður**
**17.24 Mörgæsirnar**
**17.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00 Áfram Diego, áfram!**
**18.24 Svampur Sveinsson**
**18.49 Lalli**
**18.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**19.00 Lotta í Skarkalagötu**



**Svampur Sveinsson kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10 AT&T Pebble Beach National Pro-Am**
**13.40 Golfing World**
**14.30 AT&T Pebble Beach National Pro-Am**
**20.00 PGA Highlights**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.25 The Nutty Professor**
**13.00 St. Vincent**
**14.45 A Little Chaos**
**16.40 The Nutty Professor**
**18.15 St. Vincent**
**20.00 A Little Chaos** Rómantísk mynd frá 2014 með Kate Winslet og Matthias Schoenaerts. Garðyrkjukonan Sabine De Barra veldur miklum titringi við hirð Loðvíks 14. þegar hún er ráðin til að vinna að hönnun og skipulagningu garðanna í Versölum. Myndin gerist að mestu leyti í Versölum og segir frá því þegar Loðvík býður yfirgarðyrkjumanni sínum, André Le Notre, að endurskapa sjálfa Eden úr görðunum við höllina.
**22.00 Peace, Love & Misunderstanding** Gamanmynd frá árinu 2011 með þeim Jane Fonda, Catherine Keener og Kyle MacLachlan í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um þau Diane og Mark sem eru að skilja og Diane ákveður að fara með börnin þeirra tvö í heimsókn til móður sinnar sem hún hefur ekki hitt í 20 ár.
**23.35 Red**
**01.25 Walk of Shame**
**03.00 Peace, Love & Misunderstanding**

## RÚV

**13.45 Grammy-verðlaunin**
**16.20 Silfrið**
**17.20 Rætur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Friðþjófur forvitni**
**18.24 Skógargengið**
**18.35 Undraveröld Gúnda**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Níu mánaða mótun**
**21.10 Nóbel**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Fangar: Á bak við tjöldin**
**23.15 Þýskaland '83**
**00.00 Hulli**
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Life Unexpected**
**09.50 Judging Amy**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Rachel Allen: All Things Sweet**
**14.40 Chasing Life**
**15.25 Black-ish**
**15.50 Jane the Virgin**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 The Good Place**
**20.15 No Tomorrow**
**21.00 24. Legacy**
**21.45 24. Legacy**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 Californication**
**00.20 The Catch**
**01.05 Code Black**
**01.50 Madam Secretary**
**02.35 24. Legacy**
**03.20 24. Legacy**
**04.05 The Tonight Show**
**04.45 The Late Late Show**
**05.25 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

TILKYNNING

# FRUMHERJI OPNAR Í MJÓDDINNI

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

# Á BESTA STAÐ Í BÆNUM




## HÖFUÐSTÖÐVAR FRUMHERJA OG EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTA HEFUR FLUTT AÐSETUR SITT AÐ ÞARABAKKA 3, MJÓDDINNI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| AÐALSKRIFSTOFA | ÖKUPRÓF | FASTEIGNA-SKOÐUN | SKIPASKOÐUN | GÆÐASTJÓRN-UNARKERFI | RAFMAGN-SKOÐANIR |

**ÞJÓNUSTUVER**
TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR
**570 9090**



**STAÐSETNING BIFREIÐASKOÐUNARSTÖÐVA HELST ÓBREYTT**

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is






# Óttaðist stöðugt að það kæmist upp um hana

Tölvunarfræðingurinn **Berglind Ósk Bergsdóttir** hefur þjáðst af „imposter syndrome“, eða blekkingarheilkenni eins og það kallast á íslensku. Eftir að hún komst að því að um algengt heilkenni er að ræða fór hún að kynna sér málið betur og halda fyrirlestra.

Svikara- eða blekkingarheilkennið er sálfræðihugtak sem var fyrst rannsakað á áttunda áratugnum og hefur verið rannsakað töluvert síðan,“ segir Berglind Ósk Bergsdóttir um heilkennið sem vísar til ástands þegar manneskju líður eins og hún sé að blekkja alla varðandi hæfileika sína og að það sé tímaspursmál þar til annað fólk kemst að því að hún sé í raun ekki eins hæf og allir halda.

„Þessi líðan er til staðar þrátt fyrir að utanaðkomandi aðstæður bendi til þess að manneskjan sé í raun mjög hæf, en þær eru bara afsakaðar sem heppni, góð tímasetning, að hver sem er gæti afrekað þetta og svo framvegis. Einkenni blekkingarheilkennisins er fullkomnunarárátta, hræðsla við mistök, óraunhæfar kröfur til sjálfs sín og tregða við að taka hrósi,“ útskýrir Berglind. Hún segir að heilkennið hafi marga fylgikvilla, svo sem stress og kvíða sem getur svo leitt til óheilbrigðs vinnuálags og jafnvel þunglyndis.

**ÞETTA ENDAÐI MEÐ KULNUN Í STARFI OG ÞAÐ TÓK MIG LANGAN TÍMA AÐ NÁ MÉR AÐ FULLU EFTIR ÞAÐ. ÞEGAR ÉG LAS SVO FYRST UM BLEKKINGARHEILKENNIÐ TENGDI ÉG ALGJÖRLEGA VIÐ ÞAÐ OG FANNST MAGNAÐ AÐ ÞETTA ER EITTHVAÐ SEM MARGIR UPPLIFA.**


**Berglind starfar við hugbúnaðarþróun hjá Kolibri og semur ljóð og raftónlist samhliða því.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Berglind fann fyrst almennilega fyrir heilkenninu þegar hún var í námi við Háskóla Íslands. „Þegar ég var í tölvunarfræði þá var ég með minnimáttarkennd yfir að vera kvenmaður og að hafa litla reynslu af forritun. Þessi líðan er skiljanlega algeng hjá nemendum og hélt ég alltaf að þetta myndi dvína eftir að ég væri byrjuð að vinna. Ég útskrifast árið 2010, fór þá til gogoyoko og var þar í tvö ár, svo fór ég til Plain Vanilla þegar það var að taka sín fyrstu skref. Við vorum einungis sex á þessum tíma í fyrirtækinu. Ég byrjaði að skrifa Android-útgáfu QuizUp. QuizUp varð einn hraðast vaxandi leikur í App Store og náði gríðarlegum vinsældum um allan heim, bara Android-appið var með um 18 milljón notendur. Þarna var ég, hjá einu flottasta fyrirtæki landsins, var í mikilvægu hlutverki en fannst ég samt aldrei eins klár og allir hinir eða vera að gera hlutina nógu vel og óttaðist stöðugt að fólk kæmist að því að ég vissi ekkert hvað ég væri að gera,“ útskýrir Berglind sem á þessum tíma vann mikið.

„Þetta endaði með kulnun í starfi og það tók mig langan tíma að ná mér að fullu eftir það. Þegar ég las svo fyrst um blekkingarheilkennið tengdi ég algjörlega við það og fannst magnað að þetta er eitthvað sem margir upplifa.

Flestir sem ég hef talað við hafa upplifað þetta einhvern tímann, en svo er mismunandi hversu sterkt eða lengi þetta hefur verið hjá fólki. Heilkennið var fyrst rannsakað í tengslum við konur sem nutu velgengni í starfi, en síðar hefur komið í ljós að þetta er ekki bundið við kyn. Hins vegar er einhver fylgni við að vera í minnihlutahóp á sínu sviði þannig að þegar konur starfa í karllægum bransa skýrir það af hverju þær finna meira fyrir þessu.“

Berglind hefur haldið fyrirlestra um heilkennið eftir að hún áttaði sig á hvað um var að ræða. „Ég hafði lesið að þetta heilkenni væri algengt í hugbúnaðarbransanum og mér leið strax betur eftir að hafa heyrt að ég væri ekki ein um þetta svo mig langaði að deila þessu með fleirum og vonandi hjálpa fólki,“ segir Berglind sem hélt fyrst erindi um heilkennið á fyrirlestrakvöldi hjá JavaScript-samfélaginu á Íslandi. „Viðbrögðin við fyrirlestrinum fóru algjörlega fram úr mínum vonum og hef ég verið fengin til að halda fyrirlesturinn þrisvar síðan, næst fer ég á ráðstefnu í Úkraínu með fyrirlesturinn.“

Berglind telur að hún muni aldrei komast algjörlega yfir blekkingarheilkennið en opinská umræða hjálpar henni í baráttunni við það. „Í dag er ég meðvituð þegar þessar hugsanir koma og ég veit hvað ég þarf að gera. Stundum er nóg fyrir mig að taka mér bara pásu frá því sem ég er að gera og oftast virkar núna bara að segja upphátt hvað ég sé að hugsa og geta hlegið að því og þá fer þetta.“

„Að segja upphátt hvernig manni líður og ekki vera hrædd við að biðja um hjálp,“ segir Berglind aðspurð hvort hún lumi á einhverjum ráðum til þeirra sem finna fyrir þeim tilfinningum sem fylgja gjarnan blekkingarheilkenninu. „Einnig mæli ég með að skrifa niður hvað þú hefur lagt á þig til þess að komast á þann stað sem þú ert á í dag. Hugsaðu um vandamál og verkefni sem þú hefur leyst, hvaða nýju hluti þú hefur lært og hvenær þú sagðir já við einhverju sem þú hefðir auðveldlega getað neitað. Þá sérðu svart á hvítu að þú hefur átt stóran þátt í árangri þínum og virkilega viðurkenndu það fyrir sjálfum þér.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




KVÖLDSTUND MEÐ

# JASON MRAZ

OG GÍTARNUM HANS

1. APRÍL

**ELDBORG**

MIÐASALA HEFST
MIÐVIKUDAGINN
15 FEBRÚAR

JASONMRAZ.COM

HARPA.IS – TIX.IS
OG Í SÍMA 528 50 50

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Berglindar Pétursdóttur


## Skútan

Um helgina missti einhver skútu á götuna þar sem leið viðkomandi lá eftir Hafnarfjarðarveginum. Það var í fréttunum. Ef þetta er ekki merki um að góðærið sé komið aftur þá veit ég ekki hvað. Fólki er orðið það drull um skúturnar sínar að það nennir ekki einu sinni að festa á þær belti í helgarbíltúrnum. Það má reyndar varla kaupa sér flatskjá, byggja hótel eða missa skútu af kerru þessa dagana án þess að fólk tali um að góðærið sé komið aftur. Það er uppgangur í þjóðfélaginu því við erum að græða svo mikið á vongóðum ferðamönnum sem kaupa norðurljósaferðir.

Þetta góðæristal veitir mér gleðitilfinningu. Ég fíla næs hluti, ég fíla að fólk kaupi skútur og ég vona að mér verði bráðum boðið í partí með einhverjum gullhúðuðum mat sem Elton John ber fram, því hann verður þjónn þarna (svo ógeðslega flott partí). Hrun? Só? Ég fann sko ekki neitt fyrir hruninu síðast. Ég var í Listaháskólanum, átti hvort sem er engan pening og umgekkst bara fátæka listnema í sömu sporum. Svo var geggjað mikið að gera hjá okkur í skapandi greinum eftir þetta ægilega hrun. Hvert var vandamálið? Þess vegna er ég tilbúin í annað hrun, svo lengi sem ég fæ að upplifa eitthvert geggjað góðæri fyrst. Ég ætla að bruna eftir Hafnarfjarðarveginum með hundrað skútur og rústa þeim öllum.

Nú eru eflaust mjög eðlilegar skýringar á því hvernig skútan losnaði. En ég vil ekkert heyra um þær. Þessi skúta er táknræn. Þetta erum við. Við erum á hraðleið eftir Hafnarfjarðarveginum og það er skúta á kerru aftaní sem er geggjuð en við vitum að hún er eitthvað lauslega fest. Fulla ferð.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





